

**Erlent vinnuafli**  
***Greining á umfjöllun fjölmiðla á árunum 2006 til 2017***

Höfundur

Klemenx Hrafn Kristjánsson

Lokaverkefni til MS-gráðu í stjórnun og stefnumótun

Leiðbeinendur:

Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

September 2018

Erlent vinnuafli

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MS-prófs í Stjórnun og stefnumótun við Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2018 Klemenz Hrafn Kristjánsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2018

## **Þakkir**

Þeim vil ég færa þakkir sem veittu mér stuðning við vinnslu þessa rannsóknarverkefnis. Þar ber helst að nefna leiðbeinendur mína, vinkonurnar Margréti Sigrúni Sigurðardóttur og Valgerði Önnu Jóhannsdóttur, en hugmyndir þeirra, aðhald og áhugi voru grundvöllur verkefnisins.

Einnig vil ég þakka unnustu minni, henni Evu Hauksdóttur, fyrir allan þann stuðning, skilning og þolinmæði sem hún hefur sýnt mér, á þessu sviði sem öðrum.

Mömmu minni, Kristínu Sigrúni Sigurleifsdóttur, snillings í íslensku og kennslu tvítýngdra barna, vil ég þakka allt.

Ekki má gleyma að þakka hinu magnaða safni Tímarit.is, ómetanlegur menningararfur sem leynist þar og er alltaf innan handar.

Að lokum vil ég þakka Háskóla Íslands sem heild, sem oft hefur verið mér sem annað heimili frá því ég hóf þar nám.

Reykjavík, september 2018

Klemenz Hrafn Kristjánsson

## Útdráttur

Samsetning vinnuafls á Íslandi hefur breyst mikið frá aldamótum. Árið 2000 var hlutfall erlends vinnuafls álitíð 3,4% en 13,2% við lok árs 2017. Ritgerð þessi endurspeglar rannsókn sem gerð var á umfjöllun fjölmiðla um erlent vinnuafll á árunum 2006 - 2017 í Morgunblaði, Fréttablaði og á Mbl.is. Leitað var á Tímarit.is og Mbl.is og niðurstöður greindar. Í heild voru 812 tilfelli þar sem umfjöllun var að tilfinnanlegu marki um erlent vinnuafll. Stærstur hluti umfjöllunar var á jöðrum rannsóknartímabilsins. Í upphafi tímabilsins var mest umfjöllun, og þá oft í tengslum við Frjálslynda flokkinn og stefnumál þeirra fyrir Alþingiskosningar 2007. Eftir efnahagshrunið 2008 minnkaði umfjöllun um erlent vinnuafll umtalsvert, en jókst svo á uppgangstímanum við lok rannsóknartímabils. Magn umfjöllunar virtist því endurspegla hlutfall erlends vinnuafll, sem lækkaði einnig í kjölfar hrunsins 2008. Þá virtist umfjöllun í upphafi vera jákvæðari heldur en á öðrum tímabilum rannsóknartímabilsins, en þegar erlent vinnuafll var aukaumfjöllunarefni var hún almennt neikvæðari heldur en ef um aðalumfjöllunarefni var að ræða. Umfjöllun um áhyggjur af því að erlent vinnuafll stæli störfum virtist aðallega koma fram þegar lágt atvinnuleysi var. Um aðlögun erlends vinnuafll var langmest fjallað við upphaf tímabils, ekkert um mitt tímabil og mjög lítið í lok þess. Hvatt er til frekari rannsókna, þá sérstaklega að skoðað verði áfram og fylgst með umfjöllun um erlent vinnuafll, auk þeirra aðlögunarúrræða sem í boði eru, ásamt nýtingu menntunar og reynslu erlends vinnuafll.

## Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	8
Töfluskrá.....	9
1 Inngangur.....	10
1.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	10
1.2 Tilgangur og gildi.....	11
2 Aðferðafræði.....	12
2.1 Val á miðlum.....	12
2.2 Gagnaöflun.....	12
2.3 Vinnsla gagna.....	13
3 Bakgrunnur og fræði.....	16
3.1 Fræðilegt yfirlit.....	16
3.2 Erlent vinnuafli á Íslandi.....	20
3.3 Fjölmiðlar á Íslandi.....	21
3.3.1 Morgunblaðið.....	22
3.3.2 Mbl.is.....	22
3.3.3 Fréttablaðið.....	23
4 Niðurstöður.....	24
4.1 Yfirlit eftir fjölmiðlum og tíma.....	24
4.2 Yfirlit eftir vægi umfjöllunar og viðhorfsgreiningu.....	28
4.3 Ítarlegri greining eftir tegund umfjöllunar og miðli.....	29
4.4 Orðanotkun.....	33
4.5 Þemagreining.....	35
4.5.1 Stela störfum.....	35
4.5.2 Atvinnuleysi.....	37
4.5.3 Nauðsynlegt.....	39
4.5.4 Aðlögun.....	39
4.5.5 Brot á reglum/löggjöf.....	40
4.6 Sérstaklega áhugaverð umfjöllun að mati rannsakanda.....	41
4.6.1 Útlendingar fá ekki frí þegar leikskólinn lokar.....	41
4.6.2 Samanburður á auglýsingum um miðlun erlends vinnuafli frá 2007 og 2017.....	42
4.6.3 Fylgifiskur aukins erlends vinnuafli.....	42
5 Umræða.....	44

5.1.1	Umfjöllun í fjölmiðlum samanborið við hlutfall erlends vinnuafls .....	44
5.1.2	Fjölmiðlaumfjöllun í kringum Alþingiskosningar 2007.....	45
5.1.3	Erlent vinnuafll og atvinnuleysi.....	45
5.1.4	Eigindleg sýn á erlent vinnuafll .....	47
5.1.5	Tillögur að frekari rannsóknum.....	48
5.1.6	Takmarkanir rannsókna.....	49
6	Lokaorð .....	51
	Heimildaskrá.....	52

## Myndaskrá

Mynd 3.2.1. Þróun erlends vinnuafls sem hlutfall af heildarvinnuafli á íslenskum vinnumarkaði (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018). .....	20
Mynd 4.1.1. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári.....	24
Mynd 4.1.2. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári.....	25
Mynd 4.1.3. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári, samanborið við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi. ....	26
Mynd 4.1.4. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári, samanborið við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi. Athugið að hægri ás hefur verið hliðrað til.....	26
Mynd 4.1.5. Þróun í fjölda tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir mánuðum. ....	27
Mynd 4.2.1. Þróun í fjölda tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir árum. ....	29
Mynd 4.3.1. Þróun eftir tegund umfjöllunar milli ára. ....	30
Mynd 4.3.2. Þróun milli ára eftir tegund og viðhorfsáhrifum í Morgunblaðinu. ....	31
Mynd 4.3.3. Þróun milli ára eftir tegund og viðhorfsáhrifum í Fréttablaðinu. ....	32
Mynd 4.3.4. Þróun milli ára eftir viðhorfsáhrifum á Mbl.is.....	33
Mynd 4.5.1. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli samanborið við atvinnuleysi Íslendinga annars vegar og erlends vinnuafls hins vegar. ....	38
Mynd 4.5.2. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „nauðsynlegt“.....	39
Mynd 4.5.3. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „aðlögun“. ....	40
Mynd 4.5.4. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „brot á reglum/löggjöf“.....	41

## Töfluskra

Tafla 4.1.1. Skipting tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðli. ....	24
Tafla 4.4.1. Tíðni mismunandi orða, og orðmynda þeirra, eftir viðhorfsgreiningu umfjöllunar. Athugið að einungis er tekið með í umfjöllun þar sem erlent vinnuafli er aðalumfjöllunarefni. ....	34
Tafla 4.5.1. Samantekt af umfjöllun þar sem þemað „stela störfum“ var tengt við. ....	36



## 1 Inngangur

Frá aldamótum hefur samsetning vinnuafls á Íslandi breyst umtalsvert. Ef horft er á hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarvinnuafli, þá hefur það aukist úr um 3,7% árið 2000 í um 13,2% við lok árs 2017. Þróunin hefur ekki verið línuleg, fyrir efnahagshrunið náðist staðbundið hámark, 9,9%, en féll í kjölfarið og fór lægst í 8,2% árin 2011 og 2012 (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018). Að því sögðu virðist þróun erlends vinnuafls fylgja hagvaxtartímabilum þjóðarinnar. Þegar mikill hagvöxtur er í þjóðfélaginu eykst innflutningur erlends vinnuafls, en þegar verr viðrar dregur úr innflutningi þess. Þetta vinnuafli er þó ekki einungis fylgifiskur hagvaxtar, heldur einnig mikilvægur þáttur í því að magna upp áhrif hans, það er, án erlends vinnuafls hefði hagvöxtur á vaxtartímabilum ekki orðið jafnmikill og raun ber vitni (Kristinn Ingi Jónsson, 2017).

Talað er um að fjölmiðlar séu hið fjórða vald í lýðræðisþjóðfélagi, og hafa meðal annars upplýsinga- og umræðuhlutverki að gegna. Þannig skulu þeir láta borgurum í té áreiðanlegar upplýsingar og birta umræðu um málefni samfélagsins frá ýmsum sjónarhornum (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010). Því er ekki úr vegi að skoða hvernig umfjöllun fjölmiðla er um þennan vaxandi hóp einstaklinga, sem saman mynda erlent vinnuafli á Íslandi. En umfjöllunarefni þessarar ritgerðar endurspeglar slíka rannsókn, sem gerð var á umfjöllun þriggja stórra fjölmiðla um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði á árunum frá og með 2006 til og með 2017. Til rannsóknar voru tvö mest lesnu dagblöð landsins, Fréttablaðið og Morgunblaðið, sem og mest skoðaði netmiðillinn, Mbl.is (Gallup, 2018a; Gallup, 2018b).

### 1.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Í rannsókninni var leitast eftir að sækja umfjöllun um erlent vinnuafli úr fyrrnefndum miðlum, greina hana eftir aðal- eða aukaumfjöllunarefni, hvort umfjöllunin væri líkleg til að hafa áhrif á og auka jákvætt, hlutlaust eða neikvætt viðhorf lesenda til málefna erlends vinnuafls. Umfjöllunin var skoðuð út frá tegund, miðlum og tímabili. Einnig var þema umfjöllunar greint. Samanlagt var þessum atriðum ætlað að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu:

Hvernig þróaðist fjölmiðlaumfjöllun um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði í helstu fjölmiðlum landsins frá og með 2006 til og með 2017?

## **1.2 Tilgangur og gildi**

Líkt og fram hefur komið skipar erlent vinnuafli dágóðan hluta vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði, sjá nánar í kafla 3.2. Félagsmálaráðuneytið hefur áður falið Fjölmiðlavaktinni að greina umfjöllun um innflytjendur og erlent vinnuafli á árunum 2006 – 2010, en rannsakanda er ekki kunnugt um að slík greining hafi verið gerð á árunum eftir það.

Rannsókn þessari er því ætlað að skerpa á greiningu um umfjöllun fjölmiðla um erlent vinnuafli, skoða lengra tímabil en áður hefur verið gert, útbúa og rýna í lýsandi tölfræði tengdu málefniinu. Auk þess að nýta eigindlega aðferðafræði til að varpa frekara ljósi á þema umfjöllunarinnar.

## 2 Aðferðafræði

### 2.1 Val á miðlum

Fyrsta skref í rannsókn var að velja hvaða miðlar yrðu til skoðunar. Tekinn var saman listi af mögulegum miðlum, þeir skoðaðir til að athuga bæði fjölda tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli og möguleika til þess að sækja þau í magni, þá helst með viðtengdum leitarvélum. Annars vegar var um prentmiðla og hins vegar um vefmiðla að ræða. Við val á prentmiðli var horft til útbreiðslu og lesturs. Fyrir valinu urðu Morgunblaðið og Fréttablaðið, en þeir eru einu landsmálafréttablöðin sem gefin eru út yfir allt rannsóknartímabilið, auk þess að vera mest lesnu dagblöð landsins (Gallup, 2018a; Gallup, 2018b).

Við val á vefmiðlum var horft til lesturs og fjölda tilfella umfjöllunar sem kom fram við leit í gegnum leitarvél. Til nánari skoðunar voru teknir miðlarnir Mbl.is, Rúv.is og Vísir.is. Umfjöllun af Mbl.is og Rúv.is var sótt með aðferðum sem lýst er síðar í kaflanum. En því miður reyndist ekki mögulegt vegna tæknilegra takmarkana að sækja umfjöllun af Vísir.is. Ástæðan var sú að eina leitarvél sem tengd er við síðuna er Google, en sú leit reyndist ekki áreiðanleg til að skila allri umfjöllun tengdri leitarorðinu við nánari skoðun, enda er Google-leitarvél hönnuð til að skila viðeigandi (e. relevant) niðurstöðum hratt, án þess að tryggja tæmandi lista (Google, 2018a; Google, 2018b). Umfjöllun af Rúv.is var síðar útilokuð, þar sem um mjög lítinn fjölda tilfella var að ræða, sem litið var á að myndi frekar flækja og draga úr gildi niðurstaðna heldur en bæta við þær. Af þessum ástæðum endaði svo að eini vefmiðillinn sem tekinn var með í niðurstöðum var Mbl.is.

### 2.2 Gagnaöflun

Fyrir prentmiðlana, Morgunblaðið og Fréttablaðið, var notast við leitarvélina í skjalasafni Tímarit.is, en fyrir vefmiðilinn Mbl.is var notast við innbyggðu leitarvél síðunnar. Þar sem Tímarit.is veitir ekki aðgang að síðustu þremur árgöngum af Morgunblaðinu, þ.e. 2015, 2016 og 2017, þá var stuðst við greinasafn Morgunblaðsins á Mbl.is fyrir þá árganga. Til að finna greinar um erlent vinnuafli var ákveðið að notast við leitarorðið

„vinnuafli“ og leitað eftir því ásamt öðrum myndum orðsins, „vinnuafli“, „vinnuafli“, „vinnuafli“, „vinnuafli“, „vinnuafli“ og „vinnuafli“. Til þess að sækja texta, vefslóð og dagsetningu umfjöllunar var forritaður skrapari (e. scraper). Notast var við forritunarmálið Python v.3.6 og pakkann BeautifulSoup til að vinna fyrirnefnd atriði úr leitarvélunum, og niðurstöður voru settar upp í PostgreSQL-gagnagrunn.

### 2.3 Vinnsla gagna

Allar niðurstöður sem leitarvélarnar skiluðu voru lesnar. Ef umfjöllun fjallaði um erlent vinnuafli á Íslandi upp að tilfinnanlegu marki var hún tekin til frekari skoðunar. Það er, að ekki var einungis minnst lauslega á erlent vinnuafli á Íslandi heldur að um væri að ræða að minnsta kosti lágmarksumfjöllun um efnið, frekari útskýringu má sjá síðar í kaflanum. Umfjöllun sem komst í gegnum þann niðurskurð var merkt eftir tegund. Mögulegar tegundir voru: Frétt, fréttaskýring, leiðari, skoðanadálkur, aðsend grein og viðtal. Ef erlent vinnuafli á Íslandi var aðalumfjöllunarefni var umfjöllun þemagreind, en lýsing á því ferli verður útskýrt í lok þessa kafla.

Til að upplýsa betur hvernig markið fyrir lágmarksumfjöllun var skilgreint, setjum við hér fram dæmi, brot úr frétt af Mbl.is þann 20. nóvember 2013:

„Gert er ráð fyrir að þær aðlaganir sem Króatía samdi um við aðild sína að ESB muni einnig gilda innan EES, þ.m.t. um frjálsa för vinnuafli“ („Ísland fær aðgang að markaði Króatíu“, 2013).

Ef þetta brot stæði eitt og sér, þá hefði ekki verið litið til þess að lágmarksumfjöllun um erlent vinnuafli á Íslandi væri náð, enda í raun ekki verið að tala um erlent vinnuafli á Íslandi heldur einungis frjálsa för þess almennt innan EES. Hins vegar fylgir á eftir:

„Það felur í sér að Íslandi er heimilt að takmarka aðgang Króata að íslenskum vinnumarkaði í allt að sjö ár. Ísland mun beita takmörkunum til 30. júní 2015 hið minnsta“ („Ísland fær aðgang að markaði Króatíu“, 2013).

Seinni klausan færir greinina yfir markið, hér er Ísland með í flokki og talað er um að erlent vinnuafli frá Króatíu verði takmarkað, að minnsta kosti til 30. júní 2015.

Umfjöllun var enn fremur flokkuð eftir því hvort hún væri talin kalla fram jákvætt, hlutlaust eða neikvætt viðhorf hjá lesanda. Þessar skilgreiningar voru í

samræmi við aðferðir Fjölmíðlavaktarinnar, nema hvað að hér var einungis notast við þriggja stiga kvarða, jákvætt, hlutlaust, neikvætt. En Fjölmíðlavaktin notaðist við fimm stiga kvarða, mjög jákvæð, frekar jákvæð, hlutlaus, frekar neikvæð, mjög neikvæð (Magnús Heimisson, Einar Sigurmundsson og Anna Sigurðardóttir, 2006). Umfjöllunina telur rannsakandi flokkast undir neikvæða umfjöllun. Þar var tekið sérstaklega fram að takmarka skuli komu vinnuafis frá Króatíu og að möguleiki væri á að það yrði takmarkað lengur en fyrstu áætlanir sögðu til um.

Lítum á dæmi um jákvæða umfjöllun, sem tekin var úr Fréttablaðinu 13. september 2017:

„Undir þetta taka fleiri sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við og benda á að mikil eftirspurn eftir vinnuafli hafi – enn sem komið er – ekki skilað sér í auknum verðbólguþrýstingi. Fyrr á árum hafi slík eftirspurn að jafnaði leitt til launaskriðs en svo virðist sem mikill innflutningur á vinnuafli á umliðnum árum haldi nú aftur af þeirri þróun“ (Kristinn Ingi Jónsson, 2017).

Í tilvitnuninni hér að ofan var talað um að eftirspurn eftir vinnuafli hefði ekki aukið verðbólguþrýsting að sama marki og áður, þökk sé innfluttu vinnuafli. Slík umfjöllun hlýtur að teljast jákvæð. Þetta er þó ekki eina leiðin til að fjalla um slíkt. En látum hér fylgja með brot úr grein sem talin var neikvæð til samanburðar, en hún birtist á Mbl.is þann 17. nóvember 2006:

„Þá segir Vilhjálmur, að umtalsverð hækkun á lágmarkstöxtum verði að nást í næstu kjarasamningagerð til að koma í veg fyrir þann gríðarlega ávinning, sem atvinnurekendur hafi haft af því að ráða ódýrt erlent vinnuafli frá Austur-Evrópu á berstrípaða lágmarkstaxta. Það sé vitað, að stór hluti þess erlenda vinnuafis, sem hingað komi til starfa, hafi verið settur á lágmarkslaun. Sú þróun hafi grafið undan því markaðslaunakerfi, sem hér hafi verið við lýði og gjaldfelld launakjör íslenskra launþega“ („Vill að lágmarkstaxtar hækki um helming í næstu samningum“, 2006).

Þessi umfjöllun verður að teljast neikvæð gagnvart erlendu vinnuafli, þrátt fyrir að rannsakandi telji að um sé að ræða sama málefnið. Þ.e. að erlendu vinnuafli sé haldið aftur í launum á markaðnum með því að auka framboð þegar eftirspurn er mikil. Þannig getur umfjöllun um sama eða svipaðan hlut talist jákvæð eða neikvæð, eftir því hvernig hún er sett fram.

Til hlutlausrar umfjöllunar teljast þær sem ekki eru taldar skapa jákvætt né neikvætt viðhorf hjá lesendum. Í þennan flokk fellur meðal annars tölfræði um erlent vinnuafli þar sem einungis eru settar fram tölur, en umfangsefnið ekki rætt að öðru leyti.

Þar sem leitast var við að hafa greininguna á þessum illmælanlegu gildum, þ.e. jákvæð, hlutlaus, neikvæð, sem og hvaða greinar falla undir lágmarksumfjöllun sem samræmdasta, þá voru farnar tvær umferðir yfir umfjöllunina. Í fyrstu var farið í gegnum öll tilfelli umfjöllunar, og reynt að taka meira heldur en minna með. Þegar því var lokið var farið aftur í gegnum öll þau tilfelli sem höfðu farið í gegnum niðurskurðinn og endurskoðuð fyrirnefnd greining. Rannsakandi var þá búinn að móta sér nákvæmari greiningu á hvað teldist lágmarksumfjöllun, og hvað teldist jákvæð, hlutlaus og neikvæð.

Við þemagreiningu var stuðst við leiðbeiningar Merriam (2009). Byrjað var að skrá niður þemu strax frá fyrstu umfjöllun, því næst var farið í gegnum hvert tilfelli koll af kolli og þemu skráð niður, en á sama tíma haft í huga þau þemu sem fram komu í fyrri umfjöllun. Þannig var reynt að sjá hvaða þemu komu reglulega fyrir, og hvort einhver væru þau sömu, einungis orðuð á mismunandi hátt. Hvort það mætti fella óþarflega nákvæma skilgreiningu þema saman undir víðari skilgreiningu.

Loks þegar búið var að greina alla umfjöllun í grunninum eftir fyrrgreindum ferlum, þá voru SQL-fyrirspurnir nýttar til að kalla fram tölfræði sem síðar var sett inn í Excel, þar sem útbúnar voru töflur og gröf.

### 3 Bakgrunnur og fræði

#### 3.1 Fræðilegt yfirlit

Hvað er fjölmiðill? Ef horft er á lögfræðilega skilgreiningu fjölmiðla á Íslandi, þá er hún skv. 2 gr. 13 mgr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011:

„Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar“ (Lög um fjölmiðla nr. 38, 2011).

Það er því ljóst að allir miðlar þessarar rannsóknar falla undir skilgreiningu fjölmiðla. En þá tekur við snúnari spurning, hvert er hlutverk fjölmiðla? Nefnd á vegum menntamálaráðherra skilgreindi það svo í skýrslu sinni 2005:

„Fjölmiðlar gegna margskonar hlutverki í nútíma lýðræðisríki. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þá skemmta þeir, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar. Þeir eru farvegur fyrir skoðanir yfirvalda, hagsmunahópa og almennings. Þeir veita yfirvöldum á hverjum tíma aðhald; stjórnvöldum jafnt og öðrum valdastofnunum samfélagsins. Að auki móta fjölmiðlar á margvíslegan hátt menningu þess hóps þar sem þeir starfa. Fjölmiðlar eru mikilvæg uppspretta upplýsinga fyrir almenning í nútímanum. Það stuðlar að lýðræðislegri umræðu og gagnsæjum stjórnarháttum að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum upplýsingum í gegnum fjölmiðla. Þetta má vissuleg orða svo að fjölmiðlar eru spegill samfélagsins á hverjum tíma, en um leið eru þeir mótunarafl með því einu að veita sumum málum athygli en ekki öðrum og með því að halda fram skoðunum um tiltekin mál“ (Davíð Þór Björgvinsson, Guðmundur Heiðar Frímansson, Karl Axelsson og Pétur Gunnarsson, 2004).

Ef horft er til ofangreindrar skilgreiningar, þá er hlutverk og vald fjölmiðla mikið. Að vera farvegur skoðana yfirvalda, hagsmunahópa og almennings, og geta á sama tíma mótað skoðanir almennings. Enn fremur kom fram í skýrslu Vilhjálms Árnasonar, Salvöru

Nordal og Kristínar Ástgeirsdóttir (2010) að fjölmiðlar væru fjórða grein valds í lýðræðisríki, og það fæli í sér þrenns konar hlutverk:

- Aðhaldshlutverk: „Fjölmiðlar leitist við að vernda borgarana fyrir misbeitingu valds, svo sem með því að veita stjórnvöldum og fjármálastjórnunni aðhald“ (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).
- Upplýsingahlutverk: „Fjölmiðlar láti borgurunum í té áreiðanlegar upplýsingar og vandaða greiningu á samfélagsmálum“ (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).
- Umræðuhlutverk: „Þeir [fjölmiðlar] séu jafnframt vettvangur fjölþættrar þjóðfélagsumræðu og birti þannig túlkanir og umræðu um málefni samfélagsins frá margvíslegum sjónarhornum“ (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).

Í samhengi við fyrrnefnd hlutverk og vald fjölmiðla, þá setur Blaðamannafélag Íslands sér siðareglur, sem m.a. skilgreina að blaðamaður skuli „fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi“ (Blaðamannafélag Íslands, 1991). Í ljósi þessarar rannsóknar ber að geta að samkvæmt félagatali Blaðamannafélags Íslands eru 72 blaðamenn Morgunblaðsins, 7 blaðamenn MBL og 95 blaðamenn Fréttablaðsins/365 miðla skráðir í félagið (Blaðamannafélag Íslands, e.d.).

Nú þegar stiklað hefur verið á stóru í skilgreiningum um fjölmiðla, hvað þeir eru og hvert hlutverk þeirra er, þá er rétt að skoða þá í samhengi við ákveðna þjóðfélagsþóp, þá helst í samhengi við efni þessarar rannsóknar, erlent vinnuafli. Líkt og fram hefur komið, þá hefur Félagsmálaráðuneytið áður falið Fjölmiðlavaktinni að greina umfjöllun um innflytjendur og erlent vinnuafli. Gerðar voru greiningar í þrjúgang, árin 2006 og 2007 voru sérstaklega greind hvort fyrir sig með skýrslum sem komu stuttu eftir áramót viðeigandi árs, og svo síðar árið 2011. En sú greining tók til fyrri greininga og samanburð við árin til og með 2010. Greiningar á umfjöllun um erlent vinnuafli hafa því verið gerðar fyrir árin 2006 – 2010, en rannsakanda er ekki kunnugt um að árin 2011 – 2017 hafi verið skoðuð áður. Að sama skapi var ekki fjallað um vefmiðla í greiningu Fjölmiðlavaktarinnar. Niðurstöður sýndu að umfjöllun hefði snarminnkað eftir



efnahagshrunið 2008 (Björn Jóhann Björnsson, 2011; Magnús Heimisson, Einar Sigurmundsson og Anna Sigurðardóttir, 2007).

„Ísland er sannarlega orðið fjölmenningslegt en íslenskir fjölmiðlar endurspeglar engan veginn þann fjölbreytileika“ hafði Helga Ólafs Ólafsdóttir (2009) eftir Ed Klute, forstöðumanni Mira Media í Hollandi. En Helga komst að sömu niðurstöðu í lok greinar sinnar og sagði að seint yrði hægt að segja að íslenskir fjölmiðlar endurspegluðu íslenskt samfélag. Linda Dögg Hlöðversdóttir (2005) var á sama máli og sagði að jafnvel önnur kynslóð asískra innflytjenda á Íslandi upplifði sig ekki sem Íslendinga. Þeir sáu enga umfjöllun um sig í íslenskum fjölmiðlum og samsömuðu sig því ekki með Íslendingum. Þessi áhrif voru í samræmi við það sem Cohen (1963) setti fram, að fjölmiðlum tækist kannski ekki mjög vel upp við að segja fólki hvað það ætti að hugsa, en þeim tækist ótrúlega vel að segja fólki hvað það ætti að hugsa um. Af þeim sökum liti heimurinn mismunandi út í augum mismunandi fólks, hann væri kortlagður fyrir það af blaðamönnum, ritstjórum og útgefendum blaðanna sem það læsi. Shehata og Strömbäck (2013) sýndu 50 árum síðar að þrátt fyrir aukið aðgengi og framboð fjölmiðla, þá hefðu miðlarnir enn áhrif á skoðanir einstaklinga og stærri hópa varðandi mikilvæg málefni (e. agenda setting). Baldur Kristjánsson, fyrir hönd Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum, nefndi í skýrslu sinni 2009 að kennarar, stjórnámálamenn og fjölmiðlafólk ættu að hafa í huga hvaða áhrif orð og gjörðir þeirra hefðu. Það sem þessar stéttir gerðu bergmálaði áfram, og þær ættu að „vera hluti af lausninni en ekki vandanum í að stemma stigu við kynþáttafordómum“ (Baldur Kristjánsson, 2009).

Í samræmi við ábendingu Baldurs Kristjánssonar (2009) hér að ofan, þá rannsökuðu Helga Ólafs og Małgorzata Zielińska (2010) áhrif íslenskra fjölmiðla á pólska innflytjendur, og tóku viðtöl við þá. Nafn skýrslunnar „I started to feel worse when I understood more“ vísar í samtali sem þær áttu við unga pólska konu sem starfaði á leikskóla. Aðspurð að því hvort hún hefði upplifað einhverja mismunun var svarið:

„Not directly, not me. But... you know what, I just started to feel worse here, when I understood more. You know, when I started to read newspapers. I'm not saying I read all of them and that I'm perfectly able to do that, but I understand the main point of the article, right? And sometimes it's just too much; I would sometimes rather not read them at all. Because I think that


what is really not good, is that they write all these bad things“  
(Helga Ólafs og Zielińska, 2010).

Rannsóknin leiddi í ljós að 70% svarenda sögðust lesa dagblöð, og þá sérstaklega Fréttablaðið. Eftir því sem íslenskukunnátta þeirra var betri, þeim mun neikvæðari þótti þeim umfjöllun fjölmiðla um Pólverja í fjölmiðlum, sem og ósanngjörn gagnvart útlendingum almennt. Einn viðmælanda í rannsókninni sagði frá því að hann hefði orðið svo reiður yfir umfjöllun að hann hefði haft samband við fjölmiðilinn. Viðmælandinn benti á að þeir segðu aðeins slæmar fréttir af þeim [útlendingum], en fékk til baka að fjölmiðlar heyrðu ekkert af góðu fréttunum, útlendingar hefðu aldrei samband við fjölmiðla til að tilkynna slíkt. Jón Kaldal (2007), fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, orðaði það á þann veg í leiðara: „Fréttir af útlendingum geta hæglega fengið á sig það yfirbragð að aðeins sé sagt frá því slæma sem þeir gera. Ástæðan er sú að fréttir eru í eðli sínu neikvæðar, eða eins og einhver gáfaður maður sagði: „Hundar sem gelta um nætur eru frétttaefni en ekki þeir sem þegja.““

Umfjöllun fjölmiðla getur ýtt undir fordóma. Jón Gunnar Ólafsson (2008) setti fram greiningu á þeirri mynd sem dregin er upp í fjölmiðlum af útlendingum, eða sem ógnandi steríótýpum (e. stereotypes). Birtingarmynd manna af austur-evrópskum uppruna er gjarnan af mönnum sem stunda skipulagða glæpastarfsemi, nauðga og slást. Ólíkt hinum „venjulega“ Íslendingi virðast afbrot „þessara manna“ grófari í umfjöllun, þeir slást eins og vopnaðir villimenn, nauðga jafnvel hlæjandi. Baldur Kristjánsson (2009) nefnir jafnframt að innflytjendur byggju víða við fjandsamlegt andrúmsloft og að útlendingum væri kennt um það sem miður færi í þjóðfélaginu. Í skýrslu sinni, sem er eftirfylgni á skýrslu Baldurs, benti Mannréttindaskrifstofa Íslands (2014) að ef útlendingur væri grunaður um að hafa framið glæp, þá væri þjóðerni hans oft tekið fram í umfjöllun fjölmiðla, þrátt fyrir að það hefði ekkert með málið að gera. Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum [ECRI] (2017) nefndi í þessu sambandi, sem áhyggjuefni, að oft væri um hatursorðræðu í fjölmiðlum að ræða, og nefndi þar sérstaklega miðlana Omega og Útvarp Sögu. Þar ætti sér stað hatursorðræða gagnvart múslimum og innflytjendum. Þá stakk ECRI (2017) upp á að Fjölmiðlanefnd fengi vald til að sekta fjölmiðla fyrir brot á lögum um fjölmiðla, þar sem hingað til hefði lögreglu ekki þótt ástæða til að aðhafast þar sem mat hennar væri að umræða hefði ekki náð því marki að teljast lögbrot.

### 3.2 Erlent vinnuafli á Íslandi

Með erlendu vinnuafli er átt við þátttakendur á íslenskum vinnumarkaði sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt. Erlent vinnuafli er dágóður hluti vinnuaflsins og hefur aukist mikið frá aldamótum. Vinnumálastofnun heldur utan um tölur um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði, en á mynd 3.2.1 má sjá þróun þess sem hlutfall af heildarvinnuafli.



**Mynd 3.2.1. Þróun erlends vinnuafls sem hlutfall af heildarvinnuafli á íslenskum vinnumarkaði (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018).**

Líkt og mynd 3.2.1 sýnir, þá var hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi um 3,7% árið 2000, en nær staðbundnu hámarki upp á 9,9% árið 2008. Eftir efnahagshrunið 2008 hóf hlutfallið að lækka og fór lægst í 8,2% árin 2011 og 2012. Frá þeim tíma hefur það aukist ár frá ári og við lok árs 2017 var hlutfallið komið í 13,2%, og hafði aldrei verið hærra. Fyrirvari er þó gerður við þessar tölur, þar sem þær byggja á þjóðskrárupplýsingum um íbúafjölda og búferlaflutninga, sem miðast við 1. janúar ár hvert. Þeir útlendingar sem koma og fara innan ársins koma því ekki fram í tölunum. Því má gera ráð fyrir að fjöldi útlendinga sé vanmetinn frekar en hitt (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018).

Erlent vinnuafli hér á landi er af mörgum þjóðernum. Pólverjar eru langsamlega fjölmennastir, en í upphafi árs 2017 voru þeir 46% erlendra ríkisborgara, Litháar um 8%, Þjóðverjar um 4% og önnur þjóðerni talsvert lægri (Vinnumálastofnun, 2018).

Aukningu á erlendu vinnuafli, sem og tímabundnu lækkunina, sem sjá mátti á mynd 3.2.1., má helst útskýra með eftirspurn eftir vinnuafli. Stór hluti þess erlenda vinnuafls, sem hingað hefur streymt, var annars vegar tilkominn vegna aukinnar eftirspurnar eftir iðnaðarmönnum á árunum fyrir hrun og aftur núna síðustu ár. Hins vegar vegna eftirspurnar eftir vinnuafli í ferðapjónustu undanfarin ár. Þá má almennt segja að vinna útlendinga sé í töluvert miklum mæli í ósamræmi við hæfni þeirra og menntun, en 19% þeirra útlendinga sem voru á atvinnuleysisskrá í október 2017 voru háskólamenntaðir, en þar af höfðu um 2/3 unnið síðast við almenn þjónustu-, afgreiðslu- og verkamannastörf (Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson, 2011; Vinnumálastofnun, 2018).

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska (2007) hafa rannsakað og fjallað um innflytjendur og erlent vinnuafli. Þær segja að stærsti hluti þeirra sem rannsakaðir voru og komu til Íslands hefðu haft það að markmiði að afla tekna til að bæta líf sitt heimafyrir. Að sama skapi birtist þverþjóðleg tengsl viðmælenda helst í eins tímum ferðalögum til heimalandsins og mögulegt var, í frí sem og að heimsækja ættingja. Margir upplifðu sig skuldbundna einhverjum í heimalandinu, og skyldan leiddi til áframhaldandi straums fólksflutninga, þeir fundu vinnu á Íslandi fyrir ættingja og vini.

Samkvæmt Bauman (1999) eru einstaklingar sem tilheyra minnihlutahópum í Bretlandi oft álitnir af fjölmiðlum, pólitíkusum og flestum öðrum sem hluti af þéttum menningarhóp sem deilir sömu hefðum, gildum og sögu, þrátt fyrir að það sé augljóslega ekki rétt. Sé það heimfært, þá má styðjast við niðurstöður Kristínar Loftsdóttur, Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur og Kára Kristinssonar (2016), en þau komust t.d. að því að íslenskir mannauðsstjórar virtust vera meðvitaðir um fordóma gagnvart fólki frá Austur-Evrópu en settu hins vegar ekki fyrir sig að ráða konu frá Póllandi eða Litháen í stöðu bókara. Hins vegar voru fordómar gagnvart trúarbrögðum, og þá helst íslam, varðandi ráðningu í sömu stöðu.

### **3.3 Fjölmiðlar á Íslandi**

Fjölmiðlar á Íslandi eiga sér langa sögu, en samkvæmt Gunnari Karlssyni (2001) er elsta ritið sem uppfyllir skilgreiningu fjölmiðils Alþingisbókin. Það kom fyrst út árið 1696, og var eins konar lögbirtingarblað sem birti ný lög auk dóma einstaklinga sem dæmdir voru á þinginu. Þetta var vissulega ekki það form af fjölmiðli sem við þekkjum, og var það ekki

fyrir en um 1773 sem fyrsta tímaritið, *Íslandske Maanedstidender*, kom út. Fyrsti fréttamiðillinn á íslensku var *Íslensk sagnablöð*, gefinn út í Kaupmannahöfn milli 1817-1826. Undanfari blaðanna, *Reykjavíkurbósturinn*, kom út mánaðarlega milli 1846-1849 en var í bókarbroti. Það var ekki fyrir en Þjóðólfur kom út árið 1848 sem blaðsmynd með broti á við stórt tímaritsbrot og uppsetningu í dálkum leit dagsins ljós á Íslandi (Gunnar Karlsson, 2001). Frá umræddum tíma hafa skilgreiningar á fjölmiðli breyst, enda hafa fjöldi nýrra leiða bæst við til að miðla efni, svo sem útvarp, sjónvarp og veraldarvefurinn.

Líkt og kom fram, þá var eingöngu horft til tveggja tegunda fjölmiðla í þessari rannsókn, þ.e. prentmiðla og vefmiðla, sem síðar var þrengt niður í þrjá fjölmiðla, dagblöðin *Morgunblað* og *Fréttablað*, auk vefmiðilsins *Mbl.is*. Hér að neðan verður farið stuttlega yfir hvern þeirra.

### **3.3.1 Morgunblaðið**

Fyrsta blað *Morgunblaðsins* kom út 2. nóvember 1913 og var þá átta blaðsíður að lengd. Árið 1919 var blaðið keypt af Árvakri hf, nýlega stofnuðu félagi í Reykjavík, og hefur félagið gefið út blaðið síðan (*Árvakur hf, e.d*). Innan rannsóknartímabilsins hafa fjórir ritstjórar í þremur teymum verið yfir blaðinu. Styrmir Gunnarsson var ritstjóri blaðsins til 2008, þá tók Ólafur Þ. Stephensen við blaðinu 2008 – 2009, en Ólafi var sagt upp eftir um ár í starfi og inn fengnir félagarnir Davíð Oddsson og Haraldur Johannessen, sem hafa ritstýrt blaðinu í sameiningu síðan (Ylfa Kristín K. Árnadóttir, 2014).

*Morgunblaðið* á söguleg tengsl við Sjálfstæðisflokkinn, og var Styrmir Gunnarsson, fyrrnefndur ritstjóri, m.a. opinber stuðningsmaður flokksins. Blaðið var ríkjandi þegar kom að bæði tekjum og útbreiðslu á dagblaðamarkaði 20. aldar, en fór þó að halla á þegar fríblöð komu á markaðinn. *Árvakur hf.* var nær gjaldþrota eftir efnahagshrunið, og fór í eigu banka og síðar keypt af fjárfestum árið 2009 með sterk tengsl við sjávarútvegsfyrirtæki landsins (Ylfa Kristín K. Árnadóttir, 2014; Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson, 2018).

### **3.3.2 Mbl.is**

Vefmiðillinn *Mbl.is* er í eigu *Árvakurs hf.* líkt og *Morgunblaðið*, en miðillinn opnaði 2. febrúar 1998 og hafði sína eigin fréttastofu, en birti þó valdar fréttir úr *Morgunblaðinu*

(Árvakur hf, e.d.). Ritstjórnin hélst aðskilin frá Morgunblaði þar til þær voru sameinaðar að miklu leyti á árunum fyrir hrun, en aðskildar að nýju í ársbyrjun 2012 (Ylfa Kristín K. Árnadóttir, 2014).

Einn kostur Mbl.is og annarra vefmiðla fram yfir prentmiðla er að nýjar fréttir þurfa ekki að bíða eftir prentun til að komast í dreifingu, heldur geta birst notendum jafnóðum og þær eru skrifaðar. Lesendum gefst kostur á að fylgjast með erlendum og hérlendum fréttum hvar og hvenær sem þeim sýnist (Árvakur hf, e.d.).

### **3.3.3 Fréttablaðið**

Fréttablaðið kom fyrst út 23. apríl 2001. Haft var eftir Eyjólfri Sveinssyni, stofnanda þess, að hugað hefði verið að því að blaðið væri gestur á heimilum, kæmi óboðið í hús og því þyrfti að gæta ákveðinnar hógvæðar. Fljótlega var þó lestur blaðsins orðinn meiri en Morgunblaðsins á dreifingarsvæðinu og seldum dálksentímetrum af auglýsingum (Sigríður Björg Tómasdóttir, 2011). Ári seinna, 2002, keypti Frétt ehf. blaðið, sem síðar kom í ljós að var í eigu feðganna Jóhannesar Jónssonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og eiginkonu þess síðarnefnda, Ingibjargar S. Pálmadóttur („Upplýst um eigendur Fréttablaðsins“, 2003).

Fréttablaðið rann síðar inn í samsteypuna 365 árið 2004 og hefur verið partur af 365 síðan (365 Miðlar, e.d.). Ritstjórar innan rannsóknartímabils hafa verið Þorsteinn Pálsson 2006 – 2009, Kári Jónsson 2006 – 2007, Jón Kaldal 2007 – 2010, Ólafur Þ. Stephensen 2010 – 2014, Mikael Torfason 2013 – 2014, Kristín Þorsteinsdóttir 2014 – 2018 („Ólafur Þ. Stephensen nýr ritstjóri Fréttablaðsins“, 2010; „Þorsteinn nýr ritstjóri Fréttablaðsins“, 2013; „Mikael Torfason verður ritstjóri við hlið Ólafs“, 2013; Brynjólfur Þór Guðmundsson, 2018).

## 4 Niðurstöður


### 4.1 Yfirlit eftir fjölmiðlum og tíma

Tilfelli umfjöllunar sem féll undir skilyrði rannsóknar voru alls 812, þ.e. að vera í Morgunblaði, Fréttablaði eða á Mbl.is á árunum frá og með 2006 til og með 2017, þar sem fjallað var að tilfinnanlegu marki um erlent vinnuafli á Íslandi.

Tafla 4.1.1. Skipting tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðli.

Miðill	Fjöldi umfjöllunar
Morgunblaðið	410 (50,5%)
Fréttablaðið	198 (24,4%)
Mbl.is	204 (25,1%)


Líkt og sjá má í töflu 4.1.1. þá er Morgunblaðið með helming allrar umfjöllunar um erlent vinnuafli í samanburði við hina tvo fjölmiðlana samanlagt. Skoðum nú betur þróun milli tímabila, en hana má sjá á myndum 4.1.1. og 4.1.2.



Mynd 4.1.1. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári.

Athyglisvert var að sjá þróunina milli Morgunblaðsins og Mbl.is á árunum 2011 og allt til 2015. Þegar fjölgun var hjá Morgunblaðinu þá var fækkun hjá Mbl.is og öfugt, á

meðan Fréttablaðið fylgdi jafnari þróun. Líkt og fram hefur komið varð ritstjórn Mbl.is aðskilin Morgunblaðinu árið 2012.




**Mynd 4.1.2. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir fjölmiðlum og ári.**


Líkt og sést á mynd 4.1.2. þá er heildarfjöldi tilfella umfjöllunar mestur í upphafi. Þennan mikla fjölda má helst rekja til kosningabaráttu fyrir Alþingiskosningar 2007, og þá sérstaklega að Frjálslyndi flokkurinn gerði erlent vinnuafli að einu helsta stefnumáli sínu. Málefnið fór á flug í fjölmiðlum, þá annars vegar vegna umfjöllunar frá fjölmiðlum sjálfum, sem og í aðsendum greinum frá flokks- og stuðningsmönnum Frjálslynda flokksins og pólitískum andstæðingum þeirra. Í því samhengi vakna spurningar af hverju slíkir toppar hafa ekki myndast í síðari Alþingiskosningum, þegar flokkar líkt og Íslenska þjóðfylkingin hefur haft áhyggjur af frjálsu flæði fólks inn í landið. En aftur að myndinni, upp úr 2006 tók heildarumfjöllunin dýfu fram til ársins 2010, en í kjölfarið mátti sjá vöxt ár frá ári allt til loka rannsóknartímabilsins. Hjá Mbl.is virtist umfjöllunin nær þurrkast út árið 2012 en tók svo við sér aftur 2013. Ef þróun heildarfjölda tilfella umfjöllunar var skoðuð og borin saman við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi, sem var sýnt í kafla 3.2., þá mátti sjá að hún var um margt lík. Skoðum því frekari samanburð á mynd 4.1.3., þar sem ásunum hefur ekki verið hliðrað til, og 4.1.4. þar sem hægri ás, sem markaði hlutfall erlends vinnuafls af



heildarvinnuafli, var hliðrað til, til þess að færa línurnar nær hvor annarri til að sjá samanburðinn betur.




**Mynd 4.1.3. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafl eftir fjölmiðlum og ári, samanborið við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi.**



**Mynd 4.1.4. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafl eftir fjölmiðlum og ári, samanborið við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á Íslandi. Athugið að hægri ás hefur verið hliðrað til.**

Á myndum 4.1.3. og 4.1.4. mátti sjá að, ef upphaf tímabils var undanskilið, þá virtist umfjöllun um erlent vinnuafli fylgja að vissu leyti hlutfalli þess af heildarvinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Það sem var þó sérstaklega áhugavert var að enginn einn fjölmiðill af þeim sem til skoðunar var fylgdi hlutfallinu jafnvel og þegar fjöldi tilfella umfjöllunar var lagður saman. Sem dæmi var fækkun milli ára hjá Morgunblaðinu árin 2014-2015, en fjölgun hjá bæði Fréttablaðinu og Mbl.is sem vó upp á móti. Þetta ýtir undir vangaveltur hvort fjölmiðlar séu, eins og oft hefur verið nefnt, spegill samfélagsins, þegar horft er til magns umræðu.

Nú þegar við höfum skoðað heildarfjölda eftir árum, þá er fróðlegt að líta á þróunina eftir mánuðum. En á mynd 4.1.5. má sjá þá þróun.



**Mynd 4.1.5. Þróun í fjölda tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir mánuðum.**

Líkt og mynd 4.1.5. sýnir, þá sker einn mánuður sig úr, í nóvember 2006 rauk umfjöllun um erlent vinnuafli upp. Líkt og fram hefur komið, þá var mikil umfjöllun um erlent vinnuafli í tengslum við kosningabaráttu Frjálslynda flokksins fyrir Alþingiskosningar 2007. Athyglisvert er að sjá að nokkuð algengt var að sjá toppa sem skáru sig úr í hliðstæðum mánuðum. Þetta bendir til þess að umfjöllunin um erlent vinnuafli komi að nokkru leyti í bylgjum, líkt og var í nóvember 2006 þar sem umfjöllun um málefnið hrinti af stað frekari umræðu og umfjöllun.

## 4.2 Yfirlit eftir vægi umfjöllunar og viðhorfsgreiningu


Líkt og áður hefur komið fram þá var heildarfjöldi tilfella umfjöllunar 812. Skoðum nú betur hvernig umfjöllun skiptist niður eftir aðal- og aukaumfjöllunarefni. Ásamt því hvort umfjöllunin þótti líkleg til að hafa áhrif á jákvæðni, hlutleysi eða hefði neikvæðni í för með sér á lesendur gagnvart málefnum erlends vinnuafls. Í töflu 4.2.1. má sjá samantekt á fyrrnefndum atriðum.

Tafla 4.2.1. Skipting tilfella umfjöllunar eftir fjölmiðli, vægi umfjöllunar og viðhorfsgreining.

Miðill	Fjöldi	Aðalumfjöllunarefni				Aukaumfjöllunarefni			
		Fjöldi	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð	Fjöldi	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð
Morgunblaðið	410 (50,5%)	225	37,8%	28,0%	34,2%	185	23,8%	29,2%	47,0%
Fréttablaðið	198 (24,4%)	151	40,4%	18,5%	41,1%	47	23,4%	27,7%	48,9%
Mbl.is	204 (25,1%)	117	30,8%	27,4%	41,9%	87	19,5%	32,2%	48,3%

Ef tafla 4.2.1. er skoðuð, þá má sjá að bæði hjá Morgunblaði og Mbl.is er svipaður fjöldi aðal- og aukaumfjöllunar, en hjá Fréttablaðinu er fjöldi aðalumfjöllunar rúmlega þrefaldur samanborið við fjölda aukaumfjöllunar. Þá má sjá að algengara var að umfjöllun væri neikvæð ef erlent vinnuafli var aukaumfjöllunarefni. Það vekur upp spurningu hvort fjölmiðlar séu fljótari að draga upp neikvæða mynd af erlendu vinnuafli, sem sökudólg þess sem miður fer í samfélaginu, frekar en að tengja það við jákvæðu þættina.

Skoðum nú þróunina eftir árum, óháð fjölmiðli, en hana má sjá á mynd 4.2.1.




**Mynd 4.2.1. Þróun í fjölda tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli eftir árum.**

Ef við skoðum mynd 4.2.1. þá sjáum við að hlutfall aukaumfjöllunar var einungis rúmlega 20% í upphafi rannsóknartímabils. En jókst reglulega til 2010, sveiflaðist síðan milli ára en náði hámarki 2015, og samsvaraði þá um 60% umfjöllunar. Annað sem er áhugavert og mögulega áhyggjuefni var munurinn á hlutfalli jákvæðrar umfjöllunar við upphaf og lok rannsóknartímabilsins. Bæði tímabil voru uppgangstímabil þar sem mikill hagvöxtur var í þjóðfélaginu, en í upphafi var jákvæð umfjöllun nær tvöfalt algengari hlutfallslega heldur en við lok tímabils. Þetta vekur upp spurningar hvernig almenn umræða og almenningssálit gagnvart erlendu vinnuafli hefur þróast.


### 4.3 Ítarlegri greining eftir tegund umfjöllunar og miðli

Skoðum nú þróunina eftir tegund umfjöllunar, sem eru fréttir, fréttaskýringar, aðsendar greinar, viðtöl, leiðarar og skoðanadálkar. Þróunina má sjá á mynd 4.3.1.



**Mynd 4.3.1. Þróun eftir tegund umfjöllunar milli ára.**


Líkt og sést á mynd 4.3.1. þá voru fréttir og aðsendar greinar varðandi umfjöllun um erlent vinnuafli ríkjandi, en fréttir voru í heildina 590, aðsendar greinar 165, hinir flokkarnir samanlagt 57. Þar sem fréttir og aðsendar greinar voru ríkjandi, þá leyfðum við okkur að fjarlægja aðra flokka fyrir nánari skoðun. Einnig er vert að taka fram að á Mbl.is var einungis um fréttir að ræða, í aðsendri umfjöllun var vísað á Morgunblaðið þar sem kaupa þurfti áskrift til að lesa. Á myndum 4.3.2. og 4.3.3. má sjá þróun eftir tíma, tegund og viðhorfi hjá Morgunblaði og Fréttablaði, en á mynd 4.3.4. má sjá þróun eftir tíma og viðhorfi hjá Mbl.is.



**Mynd 4.3.2. Þróun milli ára eftir tegund og viðhorfsáhrifum í Morgunblaðinu.**

Tekið skal fram að umtalsvert minni umfjöllun var um mitt rannsóknartímabilið heldur en á jöðrum þess, því ber að varast að draga stórar ályktanir út frá þeim takmörkuðu gögnum. Að því sögðu virtist jákvæð umfjöllun vera á undanhaldi mest allt tímabilið, árið 2015 skar sig þó úr, þar sem helmingur umfjöllunar var jákvæður og neikvæðar greinar voru innan við 10%, en bæði hliðstæð ár, þ.e. 2014 og 2016 var ríkjandi neikvæð umfjöllun. Einnig var athyglisvert að sjá að frá 2006 – 2009 voru aðsendar greinar stór hluti bæði jákvæðrar og neikvæðrar umfjöllunar, en eftir það héldu þær velli í neikvæða hlutanum en sáust lítið í þeim jákvæða. Sérstaka athygli vöktu árin 2013-2017, þegar fjöldi umfjöllunar var aftur kominn á skrið, þá voru nær engar jákvæðar aðsendar greinar. Að sama skapi var aðsend hlutlaus umfjöllun sjaldséð nær allt rannsóknartímabilið.


Skoðum nú þróun Fréttablaðsins á mynd 4.3.3.



**Mynd 4.3.3. Þróun milli ára eftir tegund og viðhorfsáhrifum í Fréttablaðinu.**

Ef við skoðum jaðrana á mynd 4.3.3., þá má sjá að við upphaf tímabils var talsvert hærra hlutfall af neikvæðri umfjöllun hjá Fréttablaðinu, en við lok tímabils var því öfugt farið. Samanborið við Morgunblaðið á mynd 4.3.2. þá mátti sjá að umræða við lok tímabils var talsvert jákvæðari í Fréttablaðinu, auk þess sem aðsendar greinar voru hlutfallslega fleiri.

Skoðum loks hvernig þróunin var hjá Mbl.is, en minnum á að þar var einungis um fréttaumfjöllun að ræða, engar aðsendar greinar. Þá þróun má sjá á mynd 4.3.4.



**Mynd 4.3.4. Þróun milli ára eftir viðhorfsáhrifum á Mbl.is.**

Líkt og mynd 4.3.4. sýnir, þá nær jákvæð umfjöllun mest rétt rúmlega 30% hlutfalli í upphafi tímabils, en dettur niður fyrir 10% árið 2009. Það var hins vegar vegna aukningu hlutlausrar umfjöllunar, þar sem hlutfall bæði jákvæðrar og neikvæðrar minnkar hlutfallslega á þessu tímabili en aukning var varðandi hlutlausa. Líkt og áður hefur komið fram var lítil umfjöllun um mitt rannsóknartímabil og erfitt að draga ályktanir út frá því. Samanborið við Morgunblaðið, sem var í eigu sömu aðila og mætti mögulega líta á sem sitt hvora hliðina á sama peningnum, þá virtist umfjöllunin þó vera jákvæðari á Mbl.is síðustu ár rannsóknartímabilsins, eða var nokkuð fast í kringum 30%, á meðan jákvæð umfjöllun í Morgunblaðinu féll niður í tæp 15% árið 2017.

Þegar umfjöllunin milli fjölmiðla var skoðuð, þá vekur það helst upp spurningar af hverju þróunin var jafnmismunandi og raun bar vitni, bæði milli fjölmiðla og innan þeirra yfir rannsóknartímabilið. Sérstaklega í prentmiðlunum og spurningin er hvort breytingar á ritstjórn geti mögulega útskýrt áherslur og viðhorf.

#### 4.4 Orðanotkun

Ákveðið var að taka fyrir hversu oft orð voru notuð í umfjöllunum um erlent vinnuafli. Einungis var tekin með sú umfjöllun þar sem erlent vinnuafli var aðalumfjöllunarefni, þar sem ekki var talið að það gæfi rétta mynd að telja með þar sem það var einungis aukaumfjöllunarefni. Orðin voru skoðuð eftir því hvort um jákvæða, hlutlausa eða



neikvæða umfjöllun var að ræða. Tekin voru saman öll orð sem komu fyrir í umfjöllun og talið í hversu mörgum tilfellum þeirra hvert orð kom fyrir. Þannig var einungis talinn fjöldi tilfella umfjöllunar sem orðið kom fyrir, en ekki hversu oft það kom fyrir innan stakrar umfjöllunar, þar sem annars hefðu fá tilfelli með endurteknum orðum getað skekkt niðurstöður. Að þessu loknu var farið yfir listann af orðum og tók rannsakandi þau orð sérstaklega fyrir sem honum fannst áhugaverð. Annars vegar hvað þau kæmu oft fyrir, og hins vegar hversu mikill munur væri á milli þess hve oft orðin komu fyrir í jákvæðri umfjöllun samanborið við neikvæða. Niðurstöður má sjá í töflu 4.4.1., en tekið skal fram að allar orðmyndir orðanna voru taldar saman, og mjög skyld orð voru einnig sameinuð, sem dæmi réttur og réttindi.

**Tafla 4.4.1. Tíðni mismunandi orða, og orðmynda þeirra, eftir viðhorfsgreiningu umfjöllunar. Athugið að einungis er tekið með í umfjöllun þar sem erlent vinnuafl er aðalumfjöllunarefni.**

Orð	Tíðni		
	Jákvæðar	Hlutlausar	Neikvæðar
ASÍ/alþýðusamband	3,8%	8,9%	17,0%
Fólk	70,9%	41,5%	48,9%
Frjálslyndi	11,0%	5,7%	16,0%
Gissur	0,5%	13,0%	6,9%
Innflytjendur	44,5%	19,5%	18,6%
Kjör	11,0%	8,9%	20,7%
Laun	22,0%	24,4%	34,0%
Lög/vinnulöggjöf	22,5%	18,7%	37,8%
Magnús	7,1%	6,5%	7,4%
Réttur/réttindi	34,1%	25,2%	41,5%
Samfélag	39,0%	12,2%	23,4%
Vinnuálastofnun	20,3%	40,7%	29,8%

Förum nú í gegnum töflu 4.4.1., en þar má sjá að Alþýðusamband Íslands kom umtalsvert oftast fyrir í neikvæðri umfjöllun en jákvæðri og hlutlausri. Öfugt við orðið „fólk“, en það kom fyrir í 70,9% jákvæðra tilfella, en í 48,9% tilfella varðandi neikvæða umfjöllun. Frjálslyndi var sérstaklega skoðað, þar sem það var almennt nefnt í tengslum við Frjálslynda flokkinn fyrir kosningar 2007. Ef það er skoðað nánar og þrengt niður á þau ár sem tilheyra kosningabaráttunni, árin 2006 og 2007, þá var hlutfallið 15,7% varðandi jákvæða umfjöllun, 11,2% varðandi hlutlausa og 34,5% í neikvæðri umfjöllun.

Þá var Magnús Þór Hafsteinsson tíðræddur, en hann er fyrrverandi varaformaður Frjálslynda flokksins.

Ásamt Magnúsi kom annað mannanafn oft fyrir en það var nafnið Gissur Pétursson, forstjóri og tengiliður fjölmiðla við Vinnumálastofnun. Athygli vekur að Gissur virtist nær aldrei nafngreindur í jákvæðri umfjöllun. En eins og sjá má enn fremur neðst í töflu 4.4.1. var þó oft minnst á Vinnumálastofnun. Gissur og Vinnumálastofnun koma oftast fyrir í hlutlausri umfjöllun, og má það rekja til þess að oft var um tölfræði að ræða þegar vitnað var í stofnunina.

Orðin innflytjendur og samfélag komu oft fyrir í öllum flokkum umfjöllunar, en var þó um tvöfalt algengari í jákvæða flokknum heldur en í hlutlausu eða neikvæða. Þá virtust orðin kjör, laun og orð tengdum lögum vera umtalsvert meira til umræðu þegar neikvæð umfjöllun átti sér stað. Réttur og réttindi voru algeng í öllum flokkum, þó algengust í neikvæðri umræðu.

## **4.5 Þemagreining**

Skoðuð voru þemu sem bæði komu oft fyrir og vöktu sérstaka athygli í samræmi við aðrar niðurstöður. Hvert þema sem var skoðað sérstaklega fær hér sinn undirkafla þar sem fjallað verður betur um það.

### **4.5.1 Stela störfum**

Þemað „stela störfum“ var skráð í 29 tilfellum, og merkti að umfjöllunin gæfi í skyn að erlent vinnuafli væri á einhvern hátt að stela störfum af íslenskum ríkisborgurum. Í töflu 4.5.1. má sjá samantekt yfir þá umfjöllun sem féll undir þemað.

**Tafla 4.5.1. Samantekt af umfjöllun þar sem þemað „stela störfum“ var tengt við.**

Dags.	Stela frá hverjum	Stutt lýsing
11.01.06	Eldri borgurum	Þyrfti ekki jafnmikið erlent vinnuafli ef eldri borgarar mættu vinna.
22.07.06	Iðnaðarmönnum	Ef samdráttur er, flytja útlendingar úr landi eða Íslendingar missa vinnuna.
25.09.06	Íslendingar	Dæmi um að íslenskir bílstjórar hafi hætt störfum hjá Kaupfélagi Skagfirðinga og útlendingar fengnir í staðinn.
15.10.06	Heilu iðngreinarnar	Heilu iðngreinarnar hafa flúið land og fjölþjóðleg fyrirtæki komið í staðinn með vinnuafli sem hefur lakari ráðningakjör en innlent.
04.11.06	Iðnaðarmenn	Óttast að mönnum hafi verið sagt upp til að ráða verktaka með ódýrt, erlent vinnuafli.
06.11.06	Eldri borgarar og öryrkjar	Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé í lágmarki, þá eru útlendingar að stela störfum.
07.11.06	Iðnaðarmenn	Verið að segja upp mönnum þrátt fyrir að mikil þörf sé á vinnuafli.
07.11.06	Eldri borgurum	Þyrfti ekki jafnmikið erlent vinnuafli ef eldri borgarar mættu vinna.
08.11.06	Íslendingar	Íslendingar ekki samkeppnisfærir við erlent vinnuafli sem vinnur undir lágmarkstaxta.
12.11.06	Eldri borgarar	Þyrfti ekki jafnmikið erlent vinnuafli ef eldri borgarar mættu vinna.
31.12.06	Íslendingar	Mikilvægt að virkja og nýta betur þann mannauð sem er til í landinu nú þegar.
14.03.07	Iðnaðarmenn, verkamenn, fólk í verslun og þjónustu	Þessir hópar dragast aftur úr í launakjörum. Virkja innlent vinnuafli betur, breyta skattareglum fyrir lágtekjufólk.
15.01.08	Sjómenn	Alþjóðlega skipaskráin, ASÍ að skipta sér af málum og tryggja sjómönnum láglaunalandanna íslensk kjör um borð í íslenskum skipum.
03.02.10	Íslendingar	Ómar í Velvakanda var alltaf lausráðinn í Svíþjóð því Svíar vildu passa upp á sína þegna. Skilur ekki atvinnuleysi á Íslandi því alls staðar er erlent vinnuafli.
18.08.12	Íslendingar	Sá sem útilokar aðra læsir sjálfan sig inni. Sá sem hleypir öllum inn endar utandyra.
17.11.12	Sjómenn	Alþjóðlega skipaskráin, engin flutningaskip sigla lengur undir íslenskum fána.
20.02.14	Íslendingar	Atvinnuleysi muni ekki minnka mikið, því við flytjum inn erlent vinnuafli.
16.04.14	Ferðabjónusta	Möguleiki að erlent vinnuafli ryðji burt öðru fólk.
04.11.14	Ræstingafólk	Ríkið skipti út starfsmönnum og fékk verktaka með erlent vinnuafli í staðinn. Flestir fyrri starfsmenn voru 50+.
06.12.14	Öryrkjar	Flytja frekar inn vinnuafli en að binda vonir við að koma öryrkjum aftur út á vinnumarkað.
17.07.15	Heilbrigðisstarfsfólk	Í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga svaraði heilbrigðisráðherra játandi að það kæmi til greina að skoða erlent fólk.
13.08.15	Hjúkrunarfræðingar	Ótrúlegt að hægt væri að fá erlenda hjúkrunarfræðinga, þar sem kjör hér eru almennt lakari en hjá nágrannaþjóðum.
22.10.15	Fólk yfir fimmtugt	Ísland er merkilegt land segir þingmaður Framsóknarflokks, þar sem við flytjum inn um 5000 manns á næstu 4 árum en fólk á miðjum aldri finnur ekki vinnu.
31.05.16	Flugumferðastjórar	Hræðsla við að erlent vinnuafli verði ráðið inn á lægri töxtum.
26.08.17	Eldri borgarar og öryrkjar	Innflutningur borgar sig, en að koma eldri borgurum og öryrkjum á vinnumarkað myndi borga sig meira.
14.09.17	Sjómenn	Getur farið svo að erlent vinnuafli taki yfir á skipum, líkt og í fiskvinnslu.
17.11.17	Íþróttamenn	Frjálst flæði Bosman-leikmanna mun hjálpa landsbyggðinni en vonandi að íslensk lið fyllist ekki af erlendu vinnuafli.

Líkt og sést í töflu 4.5.1., þá voru 13 af 29 tilfellum árið 2006, og þar af sex í nóvember 2006. Þetta ætti ekki að koma sérstaklega á óvart í samræmi við fyrri niðurstöður, enda var kosningabarátta Frjálslynda flokksins á þann veg að eðlilegt væri að hafa áhyggjur af erlendu vinnuafli. Á þessum tíma virtist umræðan aðallega snúast um iðnaðarmenn sem og eldri borgara. Árin eftir 2006 bættu litlu við listann, en árið 2007 var ein umfjöllun, sem einnig var tengd kosningabaráttunni. Árið 2008 var einnig ein umfjöllun, þá um áhyggjur varðandi sjómenn á flutningaskipum í ljósi Alþjóðlegu skipaskrárinnar. Engin umfjöllun var um þemað árið 2009, en ein umfjöllun var 2010 varðandi vangaveltur í Velvakanda Morgunblaðsins. Árið 2012 voru tvær umfjallanir, önnur sneri að jafnvægi, nauðsynlegt væri að taka einhverja útlendinga en ekki hleypa öllum inn. Hin umfjöllunin var skrifuð af sama einstaklingi og sú sem birtist 2008 og var viss eftirfylgni af málefnum sjómanna á flutningaskipum. Umfjöllunin um málefnið jókst árið 2014, en þar voru fjórar umfjallanir. Þar á meðal var komið inn á að frekar væri flutt inn vinnuafli heldur en að leitað væri eftir að koma öryrkjum aftur á vinnumarkað. Árið 2015 var hægt að sjá hálfgerðar hótanir í miðri kjaradeilu um að hægt væri að koma erlendu vinnuafli að. Sams konar áhyggjur voru uppi í kjaradeilu flugumferðastjóra 2016, og loks voru áhyggjur um að erlent vinnuafli tæki störf frá bæði sjómönnum og íþróttamönnum 2017.


Út frá samantektinni hér á undan má sjá að á þessu 12 ára tímabili, sem rannsóknin spannar, hefur kallinu um að auðvelda eldra fólki að vinna ekki verið svarað. Einnig var áhugavert að sjá að það var fyrst á seinni hluta rannsóknartímabilsins sem hálfgerðar hótanir komu fram um að erlent vinnuafli tæki störf frá Íslendingum, sem kom fram í kjaradeilum. Fram að því höfðu einungis verið uppi vangaveltur um hvað myndi gerast með auknu erlendu vinnuafli. Rannsakandi var ekki var við neinar hótanir í þeim umfjöllunum sem teknar voru fyrir í fyrri hluta rannsóknarinnar.

#### **4.5.2 Atvinnuleysi**

Þemað atvinnuleysi kom fyrir í 35 tilfellum, og flest vísuðu til ýmiss konar tölfræði. Að hluta til var um fréttir að ræða þar sem tölur frá Vinnumálastofnun voru gefnar upp varðandi atvinnuleysi. En þar var einnig minnst á atvinnuleysi meðal erlends vinnuafli, en einnig var umfjöllun þar sem fjallað var um fækkun á veittum atvinnuleyfum, sem

erlendir starfskraftar þurfa sem koma frá löndum utan EES. En vegna aukins atvinnuleysis var eðlilega meira af vinnuafli á lausu.

En skoðum nú þróun atvinnuleysis samanborið við heildarfjölda umfjöllunar um erlent vinnuafli. Á mynd 4.5.1. má sjá fjöldann á hægri lóðréttum ás, borið saman við þróun bæði atvinnuleysis íslenskra ríkisborgara og erlends vinnuafls á þeim vinstri.




**Mynd 4.5.1. Heildarfjöldi tilfella umfjöllunar um erlent vinnuafli samanborið við atvinnuleysi Íslendinga annars vegar og erlends vinnuafls hins vegar.**

Líkt og sést á mynd 4.5.1. þá virðist vera ákveðin neikvæð fylgni á milli atvinnuleysis og heildarfjölda tilfella umfjöllunar. Einnig má taka það út úr myndinni að þegar atvinnuleysi jókst snarlega á árunum eftir efnahagshrunið 2008, þá hafði það umtalsvert meiri áhrif á erlent vinnuafli heldur en Íslendinga. Þetta vekur upp spurningar um ástæðuna, var erlendum starfsmönnum frekar sagt upp, eða má útskýra muninn til fulls með því að horfa til þeirra atvinnugreina þar sem erlent vinnuafli gegndi frekar störfum, svo sem í byggingariðnaði?

Einnig má skoða atvinnuleysið í ljósi umfjöllunar um að erlent vinnuafli steli störfum, sem skoðað var í kafla 4.5.1. En þessar áhyggjur voru frekar uppi þegar tiltölulega lágt atvinnuleysi var, á uppgangstímum í hagkerfinu.

### 4.5.3 Nauðsynlegt

Algengasta þemað var „nauðsynlegt“ og kom það fram í 85 tilfellum. Á mynd 4.5.2. má sjá þróun milli ára.




Mynd 4.5.2. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „nauðsynlegt“.

Líkt og sést á mynd 4.5.2. þá eru tvö ár sem standa upp úr, annars vegar árið 2006, sem má útskýra með kosningabaráttu. En einnig árið 2015 sem krefst frekari skoðunar, sérstaklega í ljósi þess hversu mikið hærra hlutfallið var samanborið við samliggjandi ár. Þegar árið var skoðað návar mátti sjá að algeng þemu varðandi sömu umfjöllun voru „ferðapjónusta“ og „iðnaðarmenn“. Svo mátti einnig sjá orðin „aldurssamsetning“, „heilbrigðiskerfi“ og „aukinn hagvöxtur“. Þetta væri hægt að setja í samhengi við það sem sást á mynd 4.1.5, þar sem umfjöllunin virtist koma í sveiflum. Umfjöllunin leiddi mögulega af sér frekari umræðu.

### 4.5.4 Aðlögun

Annað mjög algengt þema var „aðlögun“, en það var tengt við 49 jákvæð, 8 hlutlaus og 10 neikvæð tilfelli umfjöllunar. Á mynd 4.5.3. má sjá þróun milli ára.




**Mynd 4.5.3. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „aðlögun“.**

Líkt og sést á mynd 4.5.3. þá var langsamlega mest umfjöllun tengd þemanu „aðlögun“ árið 2006 og því næst árið á eftir, 2007. Smá kippur kom 2016, en lognaðist svo út af 2017. Algeng þemu varðandi sömu umfjöllun voru „íslenskukennsla“ og „íslenska“. Þetta er athyglisvert og vekur upp margar spurningar. Þótti aðlögun erlends vinnuafns ekki jafnmikilvæg á seinni hluta rannsóknartímabils, eða hafði hún gengið svo vel að umfjöllunar var ekki þörf?

#### **4.5.5 Brot á reglum/löggjöf**

Algengasta neikvæða þemað var „brot á reglum/löggjöf“ og kom fram í 52 tilfellum. Á mynd 4.5.4. má sjá þróun milli ára.



**Mynd 4.5.4. Fjöldi tilfella umfjöllunar eftir árum þar sem tengt var við þemað „brot á reglum/löggjöf“.**

Eins og sést á mynd 4.5.4., þá líkt og með fjölda umfjöllunar almennt, þá sækir þemað helst á jaðra rannsóknartímabilsins. Sérstaka athygli vekur þó árið 2016, þar sem fjöldi umfjöllunar sexfaldast frá árinu áður. Ef undirliggjandi gögn voru skoðuð var ýmislegt sem spilaði inn í þessa aukningu. Meðal annars kom upp mansalsmál á Vík í Mýrdal, auk þess sem ASÍ skar upp herör gagnvart undirboði og svartri atvinnustarfsemi, sem þá var sérstaklega tengt við erlent vinnuafli.

## **4.6 Sérstaklega áhugaverð umfjöllun að mati rannsakanda**

Í þessum kafla verður skoðuð umfjöllun sem vakti sérstaka athygli rannsakanda.

### **4.6.1 Útlendingar fá ekki frí þegar leikskólinn lokar**

Þann 19. október 2016 birtist umfjöllun Benedikts Bóasar Hinrikssonar (2016) í Fréttablaðinu, þar sem talað var við leikskólastjóra í Reykjavík. Hann sagðist reglulega fá símtöl og hafði heyrt um sams konar símtöl frá öðrum leikskólum borgarinnar, frá vinnuveitendum fólks af erlendum uppruna. Símtölin voru af alls kyns tilefni, svo sem að tilkynna að starfsmaðurinn fengi ekki frí þegar leikskólinn þurfti að loka snemma vegna manneklu. Annað tilefni var tilkynning frá starfsmanni að hann yrði að vera heima með veikt barn, þá hringdi vinnuveitandi í leikskólann til að leita eftir staðfestingu um að barnið væri ekki í leikskólanum. Leikskólastjórinn sagðist aldrei hafa fengið svona



símtal frá vinnuveitanda íslensks foreldris, þetta einskorðaðist við erlenda foreldra, og væri ekkert nema fordómar.

#### **4.6.2 Samanburður á auglýsingum um miðlun erlends vinnuafls frá 2007 og 2017**

Tvær auglýsingar um miðlun erlends vinnuafls slæddust með umfjöllun frá Tímarit.is, annars vegar smáauglýsing frá 2007 og hins vegar atvinnuuglýsing frá 2016. Þó svo að erfitt væri að alhæfa um tíðaranda með svo litlu úrtaki, þá vakti þetta athygli rannsakanda. Í báðum tilfellum var verið að auglýsa að viðkomandi gæti útvegað erlent vinnuafli, en munur var á því hvernig auglýsandi kom skilaboðunum frá sér, enda um einstakling annars vegar og fyrirtæki hins vegar að ræða. Hér má líta á auglýsingu frá 2007:

„Erlent vinnuafli. Vantar þig duglegan og góðan starfskraft? Get útvegað Pólverja í nánast alla vinnu. Upplýsingar í síma [símanúmer fjarlæg], Sonja.“

Skoðum svo auglýsinguna frá 2016:

„Hjá Íslenskri Verkmiðlun sérhæfum við okkur í að útvega fyrirtækjum landsins færa starfsmenn í flestar greinar atvinnulífsins, allt frá mjög sérhæfðum iðnaðarmönnum yfir í almennt verkafólk og allt þar á milli. Íslensk Verkmiðlun á í farsælu samstarfi við virtar vinnumiðlanir víða um Evrópu og getur útvegað fyrsta flokks vinnuafli með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Íslensk Verkmiðlun ehf.

Líkt og fram hefur komið, þá er vissulega önnur auglýsingin smáauglýsing frá einstakling og hin atvinnuuglýsing frá fyrirtæki, en að mati rannsakanda á smáauglýsingin meira skylt við auglýsingu vegna hjólkoppa heldur en mannfólks.

#### **4.6.3 Fylgifiskur aukins erlends vinnuafls**

Ýmislegt hefur verið tengt við aukningu erlends vinnuafls í fjölmiðlum, en þrjú atriði stóðu upp úr á rannsóknartímabilinu. Þau atriði voru áhyggjur af útbreiðslu berkla, aukin skilnaðartíðni á Austurlandi, og loks aukning á veggjalús. Áhugasamir geta lesið stutta samantekt í tengdri umfjöllun að neðan.

Varðandi berklana, þá var aðsend umfjöllun í Morgunblaðinu, 4. febrúar 2007, þar sem Sigurjón Þórðarson (2007) færði rök fyrir að áhyggjur Frjálslynda flokksins, vegna berkla sem kynnu að fylgja erlendu vinnuafli, væru eðlilegar. Vissulega var um hættulegan og bráðsmitandi sjúkdóm að ræða, en hvort slíkar áhyggjur ættu að ýta undir að stöðva þyrfti frjálsan innflutning vinnuafls innan EES setur rannsakandi spurningarmerki við.

Vegna aukinnar skilnaðartíðni á Austurlandi kom fram mögulega skemmtilegasta umfjöllun rannsóknarinnar. En hún var á Mbl.is og skrifuð af Trausta Salvar Kristjánssyni (2008) þann 12. júní 2008, og fjallað var um svar við bloggfærslu vestfirskar konu, en þar var þetta sagt: „Mikill kurr er í röðum ólofaðra kvenna á Ísafirði og nágrenni og hafa samtök þeirra sent frá sér harðorða ályktun í kjölfar yfirlýsingar verktakafyrirtækisins Ósafs [...] sem gaf út að einkum ætti að notast við heimamenn í vinnu við Óshlíðargöng,“ og lýkur umfjöllun á að vestfirskar konur séu „einfaldlega orðnar leiðar á litlu úrvali“. Henni var svarað af staðarstjóra Ósafs: „Ég get glatt þessar konur með því að um 30 fíleflir Slóvakar munu koma í ágúst til að vinna að gangagerðinni. Ég veit þó ekki með hjúskaparstöðu þeirra, en einhverjir ættu nú að geta gagnast þeim“. Í lok umfjöllunar var boltinn aftur hjá þeirri vestfirsku sem svaraði „Þetta er auðvitað lygasaga af bestu sort, enda ekki allt satt og rétt á netinu, [...] Að vísu var þetta nú mikið rætt á kaffistofunum eftir að Ósafli gaf út þessa yfirlýsingu, og eftir að fréttir bárust af hárri skilnaðartíðni fyrir austan, þar sem ýjað var að því að einhvers konar „ástand“ ríkti þar vegna innflutts vinnuafls, fannst mér tilvalið að gera smá grín að þessu“ (Trausti Salvar Kristjánsson, 2008). Þessi umfjöllun vakti kátínu rannsakanda, en spurning er hversu mikil alvara hafi verið á bak við fréttir af hárri skilnaðartíðni sökum erlends vinnuafls fyrir austan.

Loks komum við að veggjalúsinni (e. bedbugs), en tengingin kom fyrst fram í kynningu á meindýravörnum í Fréttablaðinu 28. maí 2013, en þar var eftirfarandi fleygt fram: „Veggjalús hefur fylgt mannum frá örófi alda og fundist í byggð í öllum landshlutum á Íslandi. Um síðustu aldamót tók hún að fjölga sér hratt en það helst í hendur við auknar utanlandsferðir landsmanna og mikla fjölgun erlends vinnuafls á síðasta hagvaxtarskeiði.“ Í kjölfar þessarar umfjöllunar kom svo fram önnur og ítarlegri grein í Morgunblaðinu þann 10. júní 2013. Rannsakandi hefur engar forsendur til að efast um sannleiksgildi fullyrðingarinnar, en hvort mögulegra getgáta um ástæður á útbreiðslu veggjalúsarinnar sé þörf í slíkri umfjöllun setur hann spurningarmerki við.

## 5 Umræða

Við rannsóknarvinnuna hafa margar spurningar og vangaveltur vaknað í tengslum við umfjöllun fjölmiðla um erlent vinnuafli á Íslandi. Sumum þeirra hefur verið varpað fram hér á undan, aðrar hafa ekki verið sérstaklega nefndar þar til nú í þessum kafla, og enn aðrar fá ekki neina sérstaka umfjöllun. Enda ekki gert ráð fyrir að spyrja þurfi né hægt sé að svara öllum þeim spurningum og vangaveltum sem vaknað geta. Hér að neðan verður þó reynt að fara yfir þær helstu.

### 5.1.1 Umfjöllun í fjölmiðlum samanborið við hlutfall erlends vinnuafls

Á mynd 4.1.4. mátti sjá þróun yfir heildarumfjöllun um erlent vinnuafli samkvæmt niðurstöðum rannsóknar. Ásamt þróun á hlutfalli erlends vinnuafls af heildarvinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Líkt og myndin gefur til kynna virðist vera ákveðin fylgni þar á milli, að undanskildum fyrstu árum rannsóknartímabilsins þegar vöxtur var í hlutfalli erlends vinnuafls, en umfjöllunin dalaði. Það væri fróðlegt að sjá umfjöllun um erlent vinnuafli á árunum fyrir rannsóknartímabilið, því án hennar er ekki hægt að fullyrða að um ákveðinn topp hafi verið að ræða 2006. Þótt rannsakanda finnist það líklegt í ljósi magns og tilefni umfjöllunar, auk þess hve stór hluti tilheyrði stökum mánuði, nóvember 2006. Við höfum hins vegar tölur um þróun erlends vinnuafls á árunum á undan upphafs rannsóknartímabils, og þar mátti sjá að mikil aukning var að verða á erlendu vinnuafli. Á þeim tíma var hlutfallið að fara í áður óþekktar hæðir, og því líklega ekki óeðlilegt að það leiddi til aukningar í umfjöllun þegar um óþekkt ástand og áður óþekktan vöxt var að ræða. Það gæti útskýrt að einhverju leyti af hverju umfjöllunin náði ekki aftur slíkum hæðum á síðustu árum rannsóknartímabilsins, þrátt fyrir að hlutfall erlends vinnuafls væri komið vel fram úr því sem það fór hæst í árið 2008.

Annar vinkill á umræðunni um fylgni milli umfjöllunar annars vegar og hlutfalls erlends vinnuafls hins vegar var að fjölmiðlar, líkt og fram kom í kafla 3.1., spegluðu samfélagið. Mynd 4.1.4. sýnir okkur að þegar samdráttur var í erlendu vinnuafli, þá var jafnframt samdráttur í umfjöllun því tengt. Þegar það hins vegar jókst, þá varð umfjöllun meiri að sama skapi. Þetta bendir til þess að fjölmiðlar endurspegli að ákveðnu leyti samfélagið, en þó er bara hægt að bendla það við magn umfjöllunar, ekki

endilega að það endurspegli flóru mismunandi einstaklinga og hópa innan erlends vinnuafls á Íslandi. Myndin sýnir einnig, að þrátt fyrir áframhaldandi vöxt hlutfalls erlends vinnuafls virtist hins vegar myndast sylla í fjölda umfjöllunarinnar. Spurning er þá hvort fjölmiðlar séu að einhverju leyti mettir hvað efnið varðar, á meðan aðstæður í þjóðfélaginu kalla ekki sérstaklega eftir frekari umfjöllun.

### **5.1.2 Fjölmiðlaumfjöllun í kringum Alþingiskosningar 2007**

Tilfni er að íhuga sérstaklega af hverju umræða um stefnu Frjálslynda flokksins gagnvart erlendu vinnuafli fyrir Alþingiskosningar 2007 fór á jafnmikið flug og raun bar vitni. Í millitíðinni höfðu verið fjórar Alþingiskosningar, árin 2009, 2013, 2016 og 2017, og í framboði voru flokkar, líkt og Íslenska þjóðfylkingin, sem höfðu viðrað áhyggjur sínar og mótmælt áframhaldandi innflutningi erlends fólks. Ýmsar ástæður gætu legið þar að baki, meðal annars áhyggjur af því óþekkta, fyrir 2006 sáum við vöxt erlends vinnuafls sem hafði ekki áður sést, en fyrir síðari kosningar þá höfðu sömu vangaveltur ekki fengið hljómgrunn þar sem samfélagið var reynslunni ríkara. Önnur ástæða gæti verið sú að Frjálslyndi flokkurinn hefði beitt sér fyrir takmörkun erlends vinnuafls, en Íslenska þjóðfylkingin var áhyggjufull yfir innflytjendum almennt, og leitarorð rannsóknar var að sjálfsögðu vinnuafli, og því eðlilegt að sú umfjöllun væri frekar gripin hér í þessari rannsókn. Enn önnur skýring gæti legið í flokkunum sjálfum. Af einhverjum ástæðum hefði Íslenska þjóðfylkingin ekki fengið jafngott brautargengi í fjölmiðlum vegna flokksins og tengsla hans. Að þeir hefðu ekki fengið hljómgrunn meðal samfélagsins almennt, sem líkt og áður hefur verið fleygt fram, fjölmiðlar endurspeglar.

### **5.1.3 Erlent vinnuafli og atvinnuleysi**

Í tengslum við áhyggjur gagnvart erlendu vinnuafli er athyglisvert að skoða umfjöllun í ljósi atvinnuleysis. Fjölmiðlaumfjöllunin var mest þegar atvinnuleysi var lítið og hagvöxtur mikill. Þar á meðal umfjöllun um að erlent vinnuafli gæti stolið störfum af Íslendingum. Hins vegar þegar atvinnuleysi var mikið, og þar með baráttan meiri um hvert starf, þá fór lítið fyrir þeirri umfjöllun, þrátt fyrir að hlutfall erlends vinnuafls var, sem dæmi, í kringum tvöfalt hærra heldur en tíu árum áður. Jón Kaldal (2006) fjallaði um óttann við erlent vinnuafli í leiðara sínum:

„Óttinn beinist að því að kjarasamningar verði brotnir á útlendingum, sem hingað koma, með þeim afleiðingum að kjör muni almennt versna, og að til lengri tíma geti vera þeirra á íslenskum vinnumarkaði aukið atvinnuleysi meðal heimamanna [...] Hitt er svo annað mál að varla hefði verið hægt að finna heppilegri tímapunkt en nú til að auka frelsi í flæði vinnuafis til landsins. Hlutfall útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og er nú orðið um 7 prósent, sem er það hæsta á Norðurlöndum. Á sama tíma hefur dregið svo úr atvinnuleysi að það mældist aðeins 1,6 prósent síðastliðinn febrúar. Við mat á vinnumarkaði er gjarnan litið svo á að þegar atvinnuleysi er komið niður fyrir 2 prósent séu í raun fleiri farnir að vinna en virkilega vilja það. Ef það er rétt má fullyrða að enginn af öllum þeim mikla fjölda útlendinga sem er hér við vinnu hafi tekið starf frá Íslendingi“ (Jón Kaldal, 2006).

Umræðan og áhyggjurnar í samfélaginu virtust frekar vera óttinn við hið óþekkta heldur en vegna þeirra raunverulegu aðstæðna sem sköpuðust. Þegar við sem samfélag höfum það hvað best, og þrátt fyrir að erlent vinnuafli hafi hjálpað til við baksturinn, þá virðast vera meiri áhyggjur af því að erlent vinnuafli taki sneið af kökunni heldur en þegar raunverulega er úr takmarkaðra deigi að hnoða.

Þá er einnig vert að velta betur fyrir sér mynd 4.5.1, þar sem sjá má að atvinnuleysi meðal erlends vinnuafis var lægra heldur en íslensks í upphafi rannsóknartímabils. Þegar efnahagshrunið átti sér stað fékk erlenda vinnuaflið hins vegar umtalsvert verri útreið. Ekki einungis fór hlutfallið hærra upp, heldur náði það ekki hámarki fyrr en 2010, ólíkt atvinnuleysi íslenska vinnuafisins sem náði sínum topp 2009. Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs (2011) rannsökuðu atvinnuleysi erlends vinnuafis í kjölfar efnahagshrunins, en í rannsókninni kom fram að níu af hverjum tíu viðmælendum svöruðu því að ástæða atvinnuleysis hefði stafað af gjaldþroti fyrrum vinnuveitanda. Þá virtist atvinnuleysi meðal erlends vinnuafis taka lengri tíma að jafna sig, en milli áranna 2016 og 2017 virtist ákveðið jafnvægi ríkja, þá var það rúmlega 4% en á sama tíma var atvinnuleysi meðal Íslendinga undir 2%. Að baki þessum mun geta þó legið ýmsar ástæður. Ein þeirra gæti verið sú að þegar samdráttur varð hafi frekar verið litið til erlends vinnuafis í uppsögnum. Önnur ástæða gæti verið að

hlutfallslega hátt hlutfall erlends vinnuafls starfaði á árunum í kringum efnahagshrunið í þeim atvinnugeirum sem verst fóru úti, svo sem í byggingariðnaði. Tölur frá Vinnumálastofnun sýndu að þessi ástæða útskýrði aukninguna allavega að hluta til (Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson, 2011). Líkt og kom fram í kafla 3.2. þá var vinna útlendinga oft ekki í miklu samræmi við menntun og hæfni, en enn fremur kom fram í skýrslu Vinnumálastofnunar (2018) að einungis fjórðungur iðnmenntaðra útlendinga á atvinnuleysisrá hafði síðast unnið störf iðnaðarmanna. Það væri allavega áhugavert að kanna betur ástæður þess, ef ekki beinlýnis mikilvægt.

#### **5.1.4 Eigindleg sýn á erlent vinnuafli**

Ef þróun umfjöllunar er skoðuð óháð tíma, þá má sjá í töflu 4.2.1. að hærra hlutfall umfjöllunar var greind sem neikvæð þar sem erlent vinnuafli kom við sögu sem aukaumfjöllun heldur en sem aðalumfjöllunarefni. Ekki verður reynt að fullyrða um ástæður þess, en hægt væri að gera sér í hugarlund að meðal annars spili þar inn í það sem haft var eftir Jóni Kaldal, fyrrverandi ritstjóra Fréttablaðsins, í kafla 3.1., að fréttir væru í eðli sínu neikvæðar (Jón Kaldal, 2007). Einnig gæti verið að erlent vinnuafli, sem og innflytjendur, væru þægilegur blóraböggull fyrir samfélagsleg vandamál, líkt og Baldur Kristjánsson (2009) benti á.

Varðandi orðagreininguna, þá fannst rannsakanda mjög athyglisvert að sjá að orðin fólk, innflytjendur og samfélag væru umtalsvert meira notuð í jákvæðri umfjöllun samanborið við neikvæða. Þetta bendir til þess að merking þessara nafnorða sé að einhverju leyti gildishlaðin, eða að farið sé sparlega með þau í neikvæðri umræðu, þar sem það geti leitt til samkenndar. Þá er einnig áhugavert að sjá hinn pólinn, að kjör, laun og lög séu algengari í neikvæðri umfjöllun, sem mögulega bendir til þess að við séum passasöm á það sem er okkar.

Áhyggjur vöknúðu hjá rannsakanda varðandi þemað „aðlögun“. Þemað var sjaldséð við lok rannsóknartímabils, á sama tíma og erlent vinnuafli streymdi til landsins og náði áður óþekktum hæðum. Eftir lestur varðandi umfjöllun rannsóknarinnar, þá fannst rannsakanda ekkert gefa til kynna að brugðist hefði verið við á viðeigandi máta við að aðlaga þessa nýju þjóðfélagsþegna að samfélaginu. Helstu áhyggjur varðandi þetta komu fram í þeirri litlu umfjöllun sem varðaði viðmælendur af erlendum uppruna. Olga Markelova (2006) sendi inn umfjöllun sem birtist í Fréttablaðinu 12. desember

2006, þar sem hún fjallaði um að sjaldan eða aldrei væri haft samband við innflytjendur þegar fjallað væri um þá, þetta væri hópur sem rætt væri um, en ekki við. Það væri ekki hægt að halda áfram með umræðuna um innflytjendur nema að talað væri við þá. Í Morgunblaðinu sunnudaginn 20. apríl 2008 voru 6 blaðsíður um innflytjendamál, þar sem tekin voru viðtöl við innflytjendur. Þar kom meðal annars fram að mestar áhyggjur væru vegna barnanna. Fullorðið fólk bjargaði sér, en það virtist gert ráð fyrir að börnin næðu strax tókum á íslenskunni, að aðhaldið væri lítið og þau heltust úr lestinni. Við það verði börnin útundan og gætu leiðst út í óreglu eða glæpi (Pétur Blöndal, 2008).

Anna Wojtyńska et. al (2011) skoðaði úrræði fyrir atvinnulaust erlent vinnuafli og komst að því að þeim stæði ýmislegt til boða, en fyrir utan íslenskukennsluna, færu flest úrræðin fram á íslensku. Það væri því lítið að hafa fyrir þá sem höfðu lítinn skilning á tungumálinu, en einungis í kringum 14% viðmælenda töldu sig tala íslensku reiprennandi. Að mati rannsakanda þyrfti að skoða þetta frekar. Þá þyrfti einnig að beina sjónum að ferðamannaiðnaðinum, ein mesta fjölgun erlends vinnuafis væri starfandi þar. Það dreifðist víðsvegar um landið og ynni á vöktum sem líklega væri erfitt að samræma við þá kennslu og þau aðlögunarúrræði sem í boði væru. ECRI (2017) tók fram að þeir hörmuðu að ekki hefði verið farið að ráðleggingum þeirra á fyrri árum, um að koma upp Fjölmenningarsetri í Reykjavík, líkt og væri starfrækt á Ísafirði, þar sem innflytjendur gætu sótt sér þjónustu og aðstoð á mörgum tungumálum.

Annað sem rannsakanda þótti vert að skoða voru þættir sem komu í ljós í kringum þemað um að erlent vinnuafli væri að stela störfum Íslendinga. Leiðinlegt var einnig að sjá að umræðan um að það borgaði sig ekki fyrir eldri borgara að vinna væri enn til staðar 2017, líkt og hún var 2006. Ef þær fullyrðingar standast telur rannsakandi rétt að skoða ástæðuna fyrir því, enda telur hann að allir þeir sem vilji vinna eigi að fá og hafa hag af því að vinna. Það gildir einnig um öryrkja, sem einnig var minnst á. Það var leiðinlegt að sjá að þessi umræða var tengd við erlent vinnuafli, enda ósanngjarnt að gera það að einhvers konar sökudólg þegar kemur að réttindum annarra hópa þjóðfélagsins.

### **5.1.5 Tillögur að frekari rannsóknum**

Í ljósi undanfarinnar umræðu var ýmislegt fróðlegt sem bar á góma að mati rannsakanda sem mætti skoða í framhaldinu. Þar á meðal var að skoða önnur tímabil, en þessi

rannsókn var takmörkuð við árið 2006. Ef horft væri til þess að Félagsmálaráðuneytið fól Fjölmiðlavaktinni síðast árið 2011 að gera greiningu um viðfangsefnið, þá mætti einnig gera sér í hugarlund að áhugi væri fyrir því að halda áfram að skoða næstu ár, sérstaklega í ljósi gífurlegrar aukningar á erlendu vinnuafli.

Frekari rannsókna væri þörf á aðlögunarúrræðum fyrir erlent vinnuafli, hver væru til staðar og hvernig þau væru sótt. Einnig að kanna réttindi erlendra starfsmanna gagnvart aðlögun, hvort og þá hvernig eftirfylgninni væri háttað.

Þá væri einnig vert að rannsaka betur hvernig hæfni og menntun erlends vinnuafli nýttist. Tölfræðin sem fram hefur komið, svo sem að einungis fjórðungur atvinnulausra iðnmenntaðra útlendinga hefði síðast unnið sem iðnaðarmenn, eða að 2/3 hlutar háskólamenntaðra hefðu síðast unnið sem almennir verkamenn (Vinnumálastofnun, 2018), gefur vísbendingar um að verðmæt menntun og hæfni fari til spillis.

#### **5.1.6 Takmarkanir rannsókna**

Rannsókn þessi er vissulega takmörkunum háð hvað þróun umfjöllunar um erlent vinnuafli í íslenskum fjölmiðlum á rannsóknartímabilinu varðar. Vert er að taka fram það sem helst takmarkar rannsókn.

Einungis var umfjöllun þriggja fjölmiðla til rannsókna, Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og Mbl.is. Þetta eru stærstu miðlar sinnar tegundar á fjölmiðlamarkaði Íslands, en það er þó umtalsverður fjöldi annarra fjölmiðla starfandi. Þessir fjölmiðlar eru heldur ekki endilega fullkominn þverskurður af fjölmiðlum landsins, en líkt og áður hefur komið fram urðu þeir fyrir valinu sökum útbreiðslu og aðgengi við gagnaöflun.

Þá var einungis einn vefmiðill í rannsókninni, þannig að erfitt var að meta áhrif miðilsins á niðurstöður. Einnig var sá fjölmiðill, Mbl.is, í eigu sömu aðila og Morgunblaðið, þannig að setja þyrfti enn frekari varnagla á slíkt mat. Hins vegar, ef fleiri fjölmiðlar væru til staðar, þá myndi það þó gefa innsýn í áhrif þessarar tegundar miðils á niðurstöður, þar sem þú hefðir vefhluta fjölmiðils annars vegar og prentmiðil hans hins vegar til umfjöllunar og skoðunar.

Vegna tæknilegra takmarkana þá var umfjöllun Morgunblaðsins sótt á tvennan hátt, mismunandi eftir tímabili. Annars vegar á Tímarit.is fyrir árgangana frá og með



2006 til og með 2013, og hins vegar byggt á greinasafni Morgunblaðsins á Mbl.is frá og með árinu 2014 til og með árinu 2017. Ástæðan var sú að Tímarit.is veitti ekki aðgang að þremur síðustu árgöngum Morgunblaðsins. Ákveðið var þó að sækja það sem hægt var þaðan, til að hafa sem bestan samanburð við Fréttablaðið, sem einnig var sótt á Tímarit.is. Mögulega hafði þetta áhrif á fjölda og hvaða umfjöllun skilaði sér í rannsóknina, en það var þó ekki að sjá þegar rannsakandi tók stikkprufur frá árum sem voru aðgengilegar á báðum leitarvélum.

Leitarorðið sem notast var við var nafnorðið „vinnuafli“ og beygingarmyndir þess í eintölu og fleirtölu. Þetta leitarorð varð fyrir valinu þar sem bráðabirgðaprófanir í upphafi rannsóknar sýndu að tiltölulega stór hluti niðurstaðna leitarvélanna fjallaði um erlent vinnuafli. Það var þó alveg ljóst að einhver umfjöllun um erlent vinnuafli var ekki með, en það var sannreynt með því að bera saman greinar sem fram komu hjá Fjölmíðlavaktinni. Ástæðan var sú að orðið „vinnuafli“ kom þá ekki fyrir í greinunum, heldur önnur orð og orðasambönd svo sem „innfluttir starfsmenn“. Þar sem orð líkt og „starfsmenn“ reyndist víðtækara ef leitað var eftir því, þ.e. að umfjöllun skilaði hlutfallslega sjaldan niðurstöðu um erlent vinnuafli, var álitnið að „vinnuafli“ og aðrar myndir þess væru vænlegastar fyrir rannsókn af þessari stærðargráðu.

Huglægt mat rannsakanda var nýtt til að bæði merkja hvort í umfjöllun væri fjallað að tilteknu lágmarki um erlent vinnuafli eða ekki, og við að merkja umfjöllunina jákvæða, hlutlaus eða neikvæða. Það getur reynst erfitt að halda samræmi í greiningu þegar farið er í gegnum mikið magn af umfjöllun. Í rannsókninni fór rannsakandi yfir rúmlega 3000 tilfelli umfjallana, svo bæði var um mikið magn að ræða og vegna fjöldans spannaði greiningin einnig nokkrar vikur. Til þess að reyna að gæta sem mestrar samkvæmni voru tvær umferðir teknar líkt og lýst var í kafla 2.3. Þá var fyrst ákveðið að hafa frekar fleiri en færri með í rannsókninni, en síðan í seinni umferðinni var síuð út umfjöllun sem ekki þótti eiga heima í henni, þegar rannsakandi var kominn með betri tilfinningu fyrir gögnunum. Það skal þó tekið fram að oft þótti erfitt að ákveða hvernig ætti að flokka jákvætt, hlutlaust eða neikvætt, þar sem hluti stakrar umfjöllunar gat verið jákvæður á meðan annar var neikvæður. Þá var reynt að vega og meta hvorum megin það ætti að falla, eða umfjöllun flokkuð sem hlutlaus. Slíkt mat gerir það þó að verkum að ólíklegt væri að annar rannsakandi kæmist að nákvæmlega sömu niðurstöðu ef hann endurtæki rannsóknina. En það er fylgífiskur rannsókna sem nýta eigindlega aðferðafræði.

## 6 Lokaorð

Í upphafi rannsóknar var lagt af stað með spurninguna: Hvernig þróaðist fjölmiðlaumfjöllun um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði í helstu fjölmiðlum landsins frá og með 2006 til og með 2017? Hér verða helstu niðurstöður teknar saman sem svara spurningunni.

Farið var í gegnum rúmlega 3000 tilfelli umfjöllunar úr Morgunblaði, Fréttablaði og Mbl.is sem tengdust orðinu „vinnuafli“, og eftir greiningu voru þar af 812 sem töldust fjalla um erlent vinnuafli að tilfinnanlegu marki. Þessi umfjöllun var að mestu leyti á jöðrum rannsóknartímabilsins, en tiltölulega lítil umfjöllun var um mitt tímabilið. Fyrsta ár þess, 2006, einkenndist af mjög mikilli umfjöllun um erlent vinnuafli, en einkennandi kveikja af þeirri umfjöllun var framboð Frjálslynda flokksins og kosningabarátta þeirra fyrir Alþingiskosningar 2007, en takmörkun á flæði erlends vinnuafli var eitt helsta kosningamál flokksins. Upp úr árinu 2006 minnkaði umfjöllun um málefnið ár frá ári þar til það náði lágmarki 2010. Umfjöllun var frekar á jákvæðu nótunum á fyrri hluta rannsóknartímabils, en varð neikvæðari ár frá ári fram á mitt tímabil. Minnkandi umfjöllun má tengja við efnahagshrunið 2008, en við það lækkaði hlutfall erlends vinnuafli af heildarvinnuafli íslensks vinnumarkaðar umtalsvert. Þegar hlutfall erlends vinnuafli hóf aftur að aukast á Íslandi, þá virtist umfjöllun fylgja því nokkuð vel eftir, allt til ársins 2016, en milli 2016 og 2017 heldur vöxturinn áfram en í talsvert minni mæli, þrátt fyrir að vöxtur erlends vinnuafli hafi aukist umtalsvert.

Niðurstöður rannsóknar renna stoðum undir að fjölmiðlar séu að vissu leyti spegill á samfélagið, þá allavega hvað magn umfjöllunar varðar. Umfjöllun um erlent vinnuafli virðist að einhverju leyti fylgja hlutfalli þess á íslenskum vinnumarkaði. Þá benda niðurstöðurnar einnig til þess að ákveðin neikvæð fylgni sé á milli umfjöllunar um erlent vinnuafli og atvinnuleysi. Áhyggjur af því að það steli störfum frá Íslendingum eru mestar þegar minnst atvinnuleysi er, en lognast nær út af þegar það eykst, þegar ætla mætti að mesta hættan sé á að þeir sem vilji vinna fái ekki störf. Þá eru niðurstöður rannsóknar enn fremur í samræmi við niðurstöður Fjölmiðlavaktarinnar, sem áður hafði rannsakað umfjöllun um erlent vinnuafli frá 2006 til 2010. Niðurstaðan var að umfjöllun snarminnkaði eftir efnahagshrunið 2008.

## Heimildaskrá

365 miðlar. (e.d.). Saga 365 miðla. Sótt 10. september 2018 af <http://www.365midlar.is/is/About>

Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs. (2011). *The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession*. Reykjavík, Ísland: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Sótt 14. ágúst 2018 af vefnum Mirra [http://www.mirra.is/Progress%20report\\_Participation%20of%20immigrants.pdf](http://www.mirra.is/Progress%20report_Participation%20of%20immigrants.pdf)

Árvakur hf. (e.d.). Árvakur. sótt 10. september 2018 af <https://www.mbl.is/mogginn/fyrirtaekid/>

Baldur Kristjánsson. (2009). *Skýrsla til félags- og tryggingamálaráðherra*. Strasbourg, Frakklandi: Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum. Sótt 20. ágúst 2018 af vefnum Stjórnarráð Íslands [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/utgafa2010/ECRI\\_00102009.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/utgafa2010/ECRI_00102009.pdf)

Bauman, G. (1999). *The multicultural riddle: Rethinking national, ethnic, and religious identities*. New York, Bandaríkin: Routledge.

Benedikt Bóas Hinriksson. (2016, 19. október). Útlendingar fá ekki frí þegar leikskólinn lokar. *Fréttablaðið*, bls 2.

Björn Jóhann Björnsson. (2011, 14. nóvember). Umfjöllunin snarminnkað. *Morgunblaðið*, bls. 6.

Blaðamannafélag Íslands. (1991). *Siðareglur Blaðamannafélags Íslands*.

Blaðamannafélag Íslands. (e.d.). Félagatal. Sótt 1. september 2018 af <https://www.press.is/is/um-felagid/felagarnir/felagatal>

Brynjólfur Þór Guðmundsson. (2018, 6. júní). Nýir ritstjórar á Fréttablaðinu, sótt 10. September 2018 af <http://www.ruv.is/frett/nyir-ritstjorar-a-frettabladinu>

Cohen, B., C. (1963). *Press and Foreign Policy*. Berkeley, Bandaríkin: University of California.

Davíð Þór Björgvinsson, Guðmundur Heiðar Frímansson, Karl Axelsson og Pétur Gunnarsson. (2004). *Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi*. Reykjavík, Ísland: Menntamálaráðuneytið. Sótt 20. ágúst 2018 af vefnum Stjórnarráð Íslands <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/AE971062E704ED44002576F00058D97D/Attachment/fjolmidla.pdf>

- Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum. (2017). *ECRI Report on Iceland (fifth monitoring cycle)*. Strasbourg, Frakkland: Höfundur
- Gallup. (2018a). Prentmiðlakönnun Gallup. Sótt 12. ágúst 2018, af <https://www.gallup.is/nidurstodur/fjolmidlar/prentmidlar/>
- Gallup. (2018b). Gallup topplistar – innlend umferð. Sótt 12. ágúst 2018 af <http://topplistar.gallup.is/>
- Google. (2018a). Google doesn't crawl or index all my pages. Sótt 3. september 2018 af <https://support.google.com/webmasters/answer/34441?hl=en>
- Google. (2018b). How Search Algorithms work. Sótt 3. september 2018 af <https://www.google.com/search/howsearchworks/algorithms/>
- Gunnar Karlsson. (2001, 15. júní). Hvenær varð fyrsti íslenski fjölmiðillinn til og hvenær hóf hann starfsemi sína? *Vísindavefurinn*. <http://visindavefur.is/svar.php?id=1707> (Skoðað 2. september 2018)
- Helga Ólafs Ólafsdóttir. (2009). *Eru fjölmiðlar fyrir alla? Fjölmiðlanotkun Pólverja á Íslandi* (MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Sótt 15. ágúst 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/4144>
- Ísland fær aðgang að markaði Króatíu. (2013, 20. nóvember). *Mbl.is*. Sótt 27. ágúst 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/20/island\\_faer\\_adgang\\_ad\\_markadi\\_kroatu/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/20/island_faer_adgang_ad_markadi_kroatu/)
- Jón Kaldal. (2006, 3. maí). Óttinn við hið óþekkt. *Fréttablaðið*, bls. 20.
- Jón Kaldal. (2007, 11. desember). Fjölmiðlar geta ekki skorast undan því að fjalla um erlenda glæpamenn á Íslandi. Koma óorði á fjöldann. *Fréttablaðið*, bls. 22.
- Jón Gunnar Ólafsson. (2008). *Ten little Lithuanians and 'Other' stories: 'Othering' the foreign national in the Icelandic mainstream discourse* (MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Sótt 4. september 2018 af [https://skemman.is/bitstream/1946/3435/1/Jon\\_Gunnar\\_Olafsson\\_fixed.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/3435/1/Jon_Gunnar_Olafsson_fixed.pdf)
- Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson. (2011). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði árin 2006-2009*. Reykjavík, Ísland: Vinnumálastofnun.
- Kristinn Ingi Jónsson. (2017, 13. september). Spenna á vinnumarkaði að ná hámarki. *Fréttablaðið*, bls. 8.
- Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson. (2016). „Hún gæti verið múslimi og allt það“: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 12(2), 393-416. doi:10.13177/irpa.a.2016.12.2.10

- Linda Dögg Hlöðversdóttir. (2005). *We are people too. Media representation and the identity of „Asian“ adolescents in Iceland* (MA-ritgerð). The London School of Economics and Political Science.
- Lög um fjölmiðla nr. 38. (2011).
- Magnús Heimisson, Einar Sigurmundsson og Anna Sigurðardóttir. (2007). *Innflytjendur – Greining á umfjöllun fjölmiðla árið 2006*. Reykjavík, Ísland: Fjölmiðlavaktin ehf. Sótt 18. ágúst af vefnum Stjórnarráð Íslands  
[https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Umfjollun\\_um\\_innflytjendur\\_2006.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Umfjollun_um_innflytjendur_2006.pdf)
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2014). *Follow-up on ECRI's Third Report on Iceland*. Reykjavík, Ísland: Höfundur
- Merriam, S. B. (2009). *Qualitative Research – A guide to Design and Implementation*. San Fransisco, Bandaríkin: Jossey-Bass.
- Mikael Torfason verður ritstjóri við hlið Ólafs. (2013). *Vísir.is*. Sótt 10. september 2018 af <http://www.visir.is/g/2013130309490/mikael-torfason-verdur-ritstjori-vid-hlid-olafs-blad>
- Olga Markelova. (2006, 12. desember). Innflytjendur og fjölmiðlar. *Fréttablaðið*, bls. 26.
- Ólafur Þ. Stephensen nýr ritstjóri Fréttablaðsins. (2010, 24. febrúar). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/forsida/2010/02/24/olafur\\_th\\_stephensen\\_nyr\\_ritstjori\\_frettabladsins/](https://www.mbl.is/frettir/forsida/2010/02/24/olafur_th_stephensen_nyr_ritstjori_frettabladsins/)
- Pétur Blöndal. (2008, 20. apríl) Fólki var ekki svona þreytt á útlendingum. *Morgunblaðið*, bls. 16
- Shehata, A., Strömbäck, J. (2013). Not (Yet) a New Era of Minimal Effects: A Study of Agenda Setting at the Aggregate and Individual Levels. *The International Journal of Press/Politics*, 18(2), 234–255. doi:10.1177/1940161212473831
- Sigríður Björg Tómasdóttir. (2011, 24. apríl). 10 ár í gær frá stofnun Fréttablaðsins. Sótt 10. september 2018 af <http://www.visir.is/g/2011110429662>
- Sigurjón Þórðarson. (2007, 4. febrúar). Útlendingar, fólksflutningar og smitsjúkdómar. *Morgunblaðið*, bls. 46.
- Trausti Salvar Kristjánsson (2008, 12. júní). Ísfirskar konur fá erlent vinnuafli. Sótt 9. september 2018 af [https://www.mbl.is/folk/verold/2008/06/12/isfirskar\\_konur\\_fa\\_erlent\\_vinnuafli/](https://www.mbl.is/folk/verold/2008/06/12/isfirskar_konur_fa_erlent_vinnuafli/)
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska. (2007). Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili: reynsla fólks sem komið hefur til starfa á Íslandi. *Ritið*, 7(2.-3.), 79-93.

- Upplýst um eigendur Fréttablaðsins. (2003, 1. maí). *Mbl.is*. Sótt 10. september 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2003/05/01/upplyst\\_um\\_eigendur\\_frettabladsins/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2003/05/01/upplyst_um_eigendur_frettabladsins/)
- Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson. (2018). The Icelandic news media in times of crisis and change. *Icelandic Review of Politics & Administration*, 14(1), 189-210. doi: 10.13177/irpa.a.2018.14.1.9
- Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (8. bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.
- Vill að lágmarkstaxtar hækki um helming í næstu samningum. (2006, 17. nóvember). *Mbl.is*. Sótt 27. ágúst 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/11/17/vill\\_ad\\_lagmarkstaxtar\\_haekki\\_um\\_helming\\_i\\_naestu\\_s/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/11/17/vill_ad_lagmarkstaxtar_haekki_um_helming_i_naestu_s/)
- Vinnumálastofnun. (2017). *Vinnuafli og atvinnuleysi eftir ríkisborgararétti 2000-2017*. Reykjavík, Ísland: Höfundur.
- Vinnumálastofnun. (2018). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012-2017*. Reykjavík, Ísland: Höfundur.
- Ylfa Kristín K. Árnadóttir. (2014). *Orðspor og trúverðugleiki fréttamiðla, rannsókn á þremur vinsælustu fréttamiðlum landsins* (MS-ritgerð). Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild. Sótt 7. september af <https://skemman.is/bitstream/1946/19758/1/Ylfa%20Krist%3%ADn%20K.%20%3%81rnad%3%B3ttir%20meistararitger%3%B0.pdf>
- Þorsteinn nýr ritstjóri Fréttablaðsins. (2006, 31. janúar). *Vísir.is*. Sótt 10. september 2018 af <http://www.visir.is/g/200660131069/thorsteinn-nyr-ritstjori-frettabladsins>